

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL

EVROPU 2011

Dómareifanir

1. hefti 2011 (janúar – júní)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Arnar Þór Stefánsson
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
1. hefti 2011 (janúar – júní)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu



Prentun: Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja

Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu

Frá ritstjóra

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu sem reifaðir eru í þessu hefti eru aðeins lítið brot þeirra hundruða sem dómstóllinn kvað upp á fyrri hluta ársins 2011. Þeir eru valdir með hliðsjón af álitafnum sem kunna að hafa þýðingu fyrir íslenskt réttarástand og túlkun íslenskra laga.

Eins og síðustu misseri eru mál sem fjalla um málefni útlendinga, einkum hælisleitenda, fyrirferðarmikil. Þar reynir tíðast á hvort aðildarríki kunni að brjóta gegn réttindum manna samkvæmt 3. gr. sáttmálans með því að endursenda þá eða vísa þeim brott til ríkja utan Evrópu þar sem hætta er á þeim muni sæta pyndingum eða ómannúðlegri meðferð.

Yfirdeild dómstólsins kvað upp stefnumarkandi dóm þann 21. janúar sl. í máli *M.S.S. gegn Belgíu og Grikklandi*. Dómurinn varpar ljósi á hvernig skyldur aðildarríkja að Mannréttindasáttmálanum hafa áhrif á samstarf þeirra samkvæmt svokallaðri Dyflinnarreglugerð Evrópusambandsins sem er þáttur í sameiginlegri hælisstefnu þess. Reglugerðin kveður á um fyrirkomulag til að ákveða hvaða aðildarríki Evrópusambandsins beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli sem lögð er fram í einu aðildarríkjanna. Allar hælisumsóknir í ríkjum í Dyflinnarsamstarfinu eru því fyrst skoðaðar með hliðsjón af því hvort útlendingur hefur þegar dvalist í eða sótt um hæli öðru aðildarríki sem er þá skylt að fjalla um umsóknina og taka aftur við honum. Kærandi í málinu var afgangur maður sem var fyrst handtekinn í Grikklandi og vísað úr landi, en fór þá til Belgíu og sótti þar um hæli. Á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar vísuðu belgísk stjórnvöld honum aftur til Grikklands því stjórnvöldum þar í landi bæri að taka hælisumsókn hans til meðferðar. Hann kærði bæði Belgíu og Grikkland fyrir að hafa brotið gegn 3. gr. og 13. gr sáttmálans. Grikkland var kært vegna óviðunandi aðbúnaðar sem hælisleitendur þurftu að búa við meðan þeir biðu afgreiðslu umsókna sinna auk þess sem þeir ættu mjög takmarkaða möguleika á að fá mál sín tekin til meðferðar með viðeigandi túlka- og lögfræðiaðstoð. Belgía var talin hafa brotið gegn sömu ákvæðum vegna þess að stjórnvöldum þar hefðu átt að vera ljósir þeir miklu ágallar sem væru á grískri stjórnsýslu í málefnum hælisleitenda, m.a. vegna skýrslna Flóttamannafulltrúa SP og fleiri alþjóðastofnana sem hefðu verið gerðar um ástandið í Grikklandi og meðferð hælisleitenda þar. Þá hefði belgískum stjórnvöldum borið að kanna aðstæður hælisleitenda í Grikklandi.

Ísland hefur tekið þátt Dyflinnarsamstarfinu frá því að það varð aðili að Schengensamningi Evrópusambandsins og hefur innleitt Dyflinnarreglugerðina í útlendingalög og framkvæmd þeirra. Umsóknir um hæli hér á landi eru því fyrst skoðaðar með hliðsjón af því hvort öðru ríki í Dyflinnarsamstarfinu sé skylt að fjalla um umsóknina og taka aftur við umsækjanda. Vegna landfræðilegrar legu Íslands er algengt að hælisleitendur sem hingað koma hafi áður sótt um hæli annars staðar eða fengið heimild til dvalar í öðrum aðildarríkjum. Af þeim sökum hefur stór hluti umsókna um hæli hér á landi verið afgreiddur á grundvelli

Dyflinnarreglugerðarinnar. Ljóst er að dómur Mannréttindadómstólsins leggur þær skyldur á íslensk stjórnvöld eins og stjórnvöld annarra Evrópuríkja að ganga ekki út frá því sem vísu að annað aðildarríki í samstarfinu, jafnvel þótt bæði séu skuldbundin af Mannréttinasáttmála Evrópu, geti tryggt hælisleitendum viðunandi aðbúnað sem samrýmist kröfum 3. gr. sáttmálans. Sú sjálfvirkni sem almennt er ráðgerð í Dyflinnarreglugerðinni um endursendingu hælisleitanda til annars aðildarríkis, þar sem ríki ákveður aðeins í undantekningartilvikum að taka umsókn til efnislegrar meðferðar, er því ekki ásættanleg. Samkvæmt tölum Flóttamannastofnunar koma um 88% hælisleitenda til Evrópu í gegnum Grikkland. Er því víst að forsendur eru brostnar fyrir því að viðhalda Dyflinnarsamstarfinu áfram á sama grunni. Reyndar hættu íslensk stjórnvöld að endursenda hælisleitendur til Grikklands síðasta haust. Þá hafði Mannréttindadómstóll Evrópu sent Noregi tilmæli þess efnis vegna kærums máls og hættu norsk stjórnvöld í kjölfarið að vísa útlendingum til Grikklands.

Fleira vekur athygli í dómum Mannréttindadómstólsins tengt málefnum útlendinga sem þýðingu getur haft fyrir framkvæmd þeirra mála í íslenskum rétti. Hér eru birtar reifanir áfellsdóma gegn tveimur norrænum ríkjum, annars vegar í máli *Osman gegn Danmörku* frá 14. júní og hins vegar í máli *Nunez gegn Noregi* frá 28. júní. Í báðum tilvikum voru ríkin talin hafa brotið gegn fjölskyldulífi kæranda vegna synjunar um dvalarleyfi og brottvísunar þeirra úr landi sem leiddi til aðskilnaðar foreldra og barna, en þær ákvarðanir byggðust m.a. á herti útlendingalöggjöf. Þessar niðurstöður og rökstuðning þeirra þurfa stofnanir sem fjalla um útlendingamálefni hér á landi að gaumgæfa til að tryggja að þau uppfylli skyldur sínar samkvæmt Mannréttinasáttmála Evrópu.

Þeir sem unnu að undirbúningi á þessu hefti voru Gunnar Páll Baldvinsson lögfræðingur, og laganemarnir Ketill Einarsson og Valgerður Guðmundsdóttir en umsjón með útgáfunni hafði Hrafn Bragason og eru þeim færðar þakkir fyrir.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit

1. hefti 2011 (janúar - júní)

2. gr. Réttur til lífs	8
Alikaj o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 29. mars 2011	
<i>Handtaka. Valdbeiting lögreglu. Meðalhóf. Rannsókn á mannláti vegna valdbeitingar.</i>	8
Trévalec gegn Belgíu. Dómur frá 14. júní 2011	
<i>Lögregla. Valdbeiting. Líkamstjón</i>	10
3. gr. Bann við pyndingum	13
M.S.S. gegn Belgíu og Grikklandi. Dómur frá 21. janúar 2011	
<i>Hælisleitendur. Meðferð hælisumsóknar. Dyflinnarreglugerð. Ómannúðleg meðferð.</i>	13
Payet gegn Frakklandi. Dómur frá 20. janúar 2011	
<i>Afplánun refsíðs. Öryggisráðstafanir. Agaviðurlög</i>	17
Rahimi gegn Grikklandi. Dómur frá 5. apríl 2011	
<i>Útlendingar. Meðferð hælisleitenda. Börn</i>	19
Toumi gegn Ítalíu. Dómur frá 5. apríl 2011 (sjá reifun undir 34. gr)	
Duval gegn Frakklandi. Dómur frá 26. maí 2011	
<i>Fangar. Þvingunarráðstafanir. Meðferð við læknisskoðun.</i>	21
Sufi og Elmi gegn Bretlandi. Dómur frá 28. júní 2011	
<i>Útlendingar. Hælisleitendur. Frestun brottvísunar.</i>	23
5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi	25
Haidn gegn Þýskalandi. Dómur frá 13. janúar 2011	
<i>Heimild til frelsisviptingar. Afplánun refsíðs. Varðhald til að fyrirbyggja afbrot</i>	25
Elsner gegn Austurríki. Dómur frá 24. maí 2011	
<i>Handtaka. Málsmeðferð samkvæmt lögum. Gæsluvarðhald</i>	27
S.T.S. gegn Hollandi. Dómur frá 7. júní 2011	
<i>Úrlausn um lögmati frelsisviptingar. Málsmeðferð.</i>	29
Adamov gegn Sviss. Dómur frá 21. júní 2011	
<i>Varðhald. Krafa um framsal. Friðhelgi vitna.</i>	30
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi	32
Paksas gegn Litháen. Dómur frá 6. janúar 2011 (sjá reifun undir 3. gr. 1. viðauka)	
Bok gegn Hollandi. Dómur frá 18. janúar 2011	
<i>Saklaus uns sekt er sönnuð. Bætur í kjölfar sýknudóms.</i>	32

Payet gegn Frakklandi. Dómur frá 20. janúar 2011 (sjá reifun undir 3. gr.)	
Sporer gegn Austurríki. Dómur frá 3. febrúar 2011 (sjá reifun undir 14. gr.)	
RTBF gegn Belgíu. Dómur frá 29. mars 2011 (sjá reifun undir 10. gr.)	
Sabeh El Leil gegn Frakklandi. Dómur frá 29. júní 2011	
<i>Réttur til aðgangs að dómstólum. Friðhelgi sendiráða. Þjóðréttarvenjur.</i>	34

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu 36

Haas gegn Sviss. Dómur frá 20. janúar 2011	
<i>Réttur til að taka eigið líf. Jákvæðar skyldur.</i>	36
Payet gegn Frakklandi. Dómur frá 20. janúar 2011 (sjá reifun undir 3. gr.)	
Sporer gegn Austurríki. Dómur frá 3. febrúar 2011 (sjá reifun undir 14. gr.)	
M gegn Sviss. Dómur frá 26. apríl 2011	
<i>Útgáfa vegabréfs. Réttur til að ganga í hjúskap.</i>	37
Mosley gegn Bretlandi. Dómur frá 10. maí 2011	
<i>Fjölmíðlar. Skylda til að tilkynna um birtingu efnis.</i>	38
Osman gegn Danmörku. Dómur frá 14. júní 2011	
<i>Útlendingar. Dvalarleyfi. Ólögráða einstaklingur. Fjölskyldulíf</i>	40
Nunez gegn Noregi. Dómur frá 28. júní 2011	
<i>Útlendingar. Brottvísun Fjölskyldulíf. Börn</i>	42

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi 44

Lautsi o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 18. mars 2011 (sjá reifun undir 2. gr. 1. viðauka)	
--	--

10. gr. Tjáningarfrelsi 44

Otegi Mondragon gegn Spáni. Dómur frá 15. mars 2011	
<i>Stjórnmálumráða. Opinberir embættismenn. Meiðyrði. Gildisdómar.</i> .	44
RTBF gegn Belgíu. Dómur frá 29. mars 2011	
<i>Fjölmíðlar. Útsending sjónvarpsefnis. Lögbann. Lagaheimild fyrir takmörkun tjáningarfrelsis</i>	46
Aquilina o.fl. gegn Möltu. Dómur frá 14. júní 2011	
<i>Fjölmíðlar. Skyldur blaðamanna</i>	48
Pinto Coelho gegn Portúgal. Dómur frá 28. júní 2011	
<i>Fjölmíðlar. Umfjöllun um lögreglurannsókn. Opinberir starfsmann. Uppljóstrun trúnaðarmála.</i>	50

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns..... 51

M.S.S. gegn Belgíu og Grikklandi. Dómur frá 21. janúar 2011 (sjá reifun undir 3. gr.)	
Payet gegn Frakklandi. Dómur frá 20. janúar 2011 (sjá reifun undir 3. gr.)	
Rahimi gegn Grikklandi. Dómur frá 5. apríl 2011 (sjá reifun undir 3. gr.)	

14. gr. Bann við mismunun	52
Sporer gegn Austurríki. Dómur frá 3. febrúar 2011	
<i>Börn. Meðferð dómsmáls um forsjá</i>	52
34. gr. Kærur einstaklinga	54
Toumi gegn Ítalíu. Dómur frá 5. apríl 2011	
<i>Útlendingar. Framsal sakamanna. Kæruréttur einstaklinga</i>	54
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	55
Klein gegn Austurríki. Dómur frá 3. mars 2011	
<i>Greiðslur í lífeyrissjóð. Réttur til lífeyris. Lögmenn. Skylduaðild</i>	55
Ruspoli Morenes gegn Spáni. Dómur frá 28. júní 2011	
<i>Forkaupsréttur. Söluskilmálar. Menningarverðmæti</i>	57
2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar	59
Lautsi o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 18. mars	
<i>Réttur til að menntun samræmist trúarskoðunum. Krossar í skóla- stofum</i>	59
3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga	61
Paksas gegn Litháen. Dómur frá 6. janúar 2011	
<i>Réttur til að bjóða sig fram í kosningum. Sjálfstæður og óvilhallur dómstóll</i>	61

2. gr. Réttur til lífs

Alikaj o.fl. gegn Ítalíu

Dómur frá 29. mars 2011

Mál nr. 47357/08

2. gr. Réttur til lífs

Handtaka. Valdbeiting lögreglu. Meðalhöf. Rannsókn á mannláti vegna valdbeitingar.

1. Málsatvik

Kærendur, hjónin Antoneta og Bejko Alikaj og dætur þeirra Vojsava og Anita, eru albanskir ríkisborgarar og búsett í Mílanó. Þau voru foreldrar og systur Julian Alikaj sem lést af skotsári sem lögregla veitti honum.

Aðfaranótt 3. desember 1997 reyndu lögreglumenn að stöðva bíl Julians Alikaj og þriggja vina hans þar sem þeir óku á hraðbrautinni milli Mílanó og Bergamo. Lögreglumenn höfðu tekið eftir undarlegu ökulagi bílstjórans. Ökumaðurinn stöðvaði bílinn og gerðu fjórmenningarnir tilraun til að komast á hlaupum undan lögreglumönnum. Lögreglumennirnir skutu tveimur viðvörunarskotum upp í loft og því næst hóf einn þeirra eftirför. Aðstæður voru slæmar, myrkur og hálsa, og lögreglumaðurinn ekki með ljós til að lýsa fram fyrir sig. Eftir stutta eftirför skaut hann einu skoti sem hafði Julian í hjartastað og lést Julian samstundis. Þegar sjúkrabíll kom á vettvang höfðu hinir þrír sem í bílnum voru hlaupið á brott.

Í kjölfarið hófu ítölsk yfirvöld rannsókn á atvikinu. Þeir sem sáu um frumrannsókn málsins voru lögreglumenn frá sömu deild og sá sem rannsóknin beindist að. Að rannsókn lokinni var lögreglumaðurinn, sem skotið hafði Julian, ákærður fyrir manndráp af ásetningi. Lögreglu tókst þó ekki að finna skotihylki eða önnur sönnunargögn á vettvangi. Lögreglumaðurinn hélt því fram að um slysaskot hefði verið að ræða. Rannsóknin leiddi jafnframt í ljós að bíllinn sem fjórmenningarnir höfðu ferðast í var stolinn.

Þann 21. desember 1999 var lögreglumaðurinn sýknaður af ákærinni þar sem ekki voru næg sönnunargögn fyrir því að hann hefði skotið Julian að yfir-lögðu ráði. Talið var sannað að skotið hefði óvart hlaupið af þegar lögreglumaðurinn rann á blautri jörðinni en mjög slæmar aðstæður hefðu verið á vettvangi og lélegt skyggni. Saksóknari áfrýjaði dómnum þann 11. janúar 2000. Hann hélt því fram að ómögulegt hefði verið að um slysaskot væri að ræða þar sem rannsókn á ferli kúlunnar hafði leitt í ljós að henni var skotið beint en ekki upp á við.

Þann 20. apríl 2006 var lögreglumaðurinn sakfelldur af áfrýjunardómstól fyrir manndráp af gáleysi. Þar sem fyrningartími brotsins var hins vegar runninn út féll fullnusta refsingar niður. Áfrýjun saksóknara var vísað frá hæstarétti þann 20. mars 2008.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að ríkið hefði brotið gegn 2. gr. sáttmálans þar sem sonur þeirra og bróðir hefði látist vegna valdbeitingar lögreglu. Rannsókn málsins hefði að mörgu leyti verið ábótavant og samstarfsmaður lögreglumannsins unnið að rannsókninni. Kærendur töldu einnig að brotið hefði verið gegn 6. gr. sáttmálans vegna ákvörðunar áfrýjunardómstólsins um að taka ekki til skoðunar ýmis sönnunargögn, skýrslur sérfræðinga og vitnisburði ákveðinna aðila.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að valdbeiting lögreglu og heimildir hennar til að beita skotvopnum væri aðeins réttlæt看leg ef slíkt væri óumflýjanlegt og gæta yrði meðalhófs. Ríki yrðu að setja reglur um heimildir til valdbeitingar lögreglu og við hvaða aðstæður heimilt væri að beita vopnum.

Í málinu höfðu fjórmeningarnir verið stöðvaðir við almennt eftirlit lögreglu. Lögreglumenn á vettvangi höfðu engan grun um að bíllinn sem þeir óku væri stolinn. Engin ástæða var fyrir lögreglu að ætla að fjórmeningarnir væru hættulegir og enginn þeirra var vopnaður. Þeir höfðu ekki heldur sýnt af sér ógnandi hegðun. Beiting lífshættulegra valdheimilda var að mati dómstólsins ekki óumflýjanleg þegar hvorki stafaði ógn af mönnum né grunur uppi um ofbeldisglæpi.

Dómstóllinn leit til þeirrar niðurstöðu áfrýjunardómstólsins að lögreglu- maðurinn hefði sýnt af sér gáleysi með því að veita fjórmeningunum vopnaða eftirför við þær aðstæður sem voru umrætt kvöld. Dómstóllinn hafnaði þeim rökum að lögreglu- maðurinn hefði talið hættu stafa af farþegum bílsins og því talið nauðsynlegt að beita skotvopni til að koma í veg fyrir flóttu þeirra. Dómstóllinn gerði athugasemdir við það að ítalska ríkið hafði ekki sett neinar reglur um vopnanotkun lögreglumanna við slíkar aðstæður. Niðurstaða dómstólsins var því sú að ítalska ríkið hefði brotið gegn 2. gr. sáttmálans.

Hvað varðaði rannsókn málsins áréttaði dómstóllinn að í 2. gr. sáttmálans fælist skylda ríkja til að rannsaka og refsa þeim sem bæru ábyrgð á mannláti og að fram færi fagleg rannsókn þegar beiting valdheimilda lögreglu leiddi til dauða.

Óumdeilt var að atvikið hefði verið rannsakað. Hins vegar bar dómstólnum að veita og meta hvort rannsóknin hefði verið skilvirk. Dómstóllinn vísaði til fyrri dómaframkvæmdar sinnar um þá meginreglu að nauðsynlegt væri að rannsóknaraðilar væru óvilhallir gagnvart þeim sem sakaður væri um óhóflega valdbeitingu. Samstarfsmenn innan lögreglunnar gátu ekki talist vera hlutlausir aðilar. Frumrannsókn málsins, þar á meðal leit að sönnunargögnum á vettvangi, hafði verið í höndum lögreglumanna sem voru úr sömu deild innan lögreglunnar og sá sem var valdur að dauða Julians. Aðkoma saksóknara að

2. g. Réttur til lífs

málinu og frekari rannsókn af hans hálfu hafði að mati dómstólsins ekki nægt til að bæta úr þessum ágöllum.

Dómstóllinn leit því næst til þeirrar kröfu sáttmálans að meðferð mála sem fjölluðu um mannlát væri fljót og skilvirk þar sem annað gæti leitt til þess að refsing ábyrgra aðila félli niður. Áfrýjunardómstóllinn hafði, 11 árum eftir atvikið, ekki getað sakfelld lögreglumanninn sem ábyrgur var þar sem fyrningartími refsingar var runninn út. Þá hefði hann ekki sætt neinum öðrum refsiviðurlögum. Úrræði landsréttar höfðu þannig ekki verið skilvirk. Þau höfðu hvorki haft varnaðaráhrif til að hindra að sambærileg mál kæmu upp í framtíðinni né veitt aðstandendum hins látna ásættanleg málalok vegna missis sonar og bróður.

Niðurstaða dómstólsins var því sú að um annað brot á 2. gr. væri að ræða. Í ljósi þessarar niðurstöðu taldi dómstóllinn óþarft að athuga sérstaklega hvort brotið hefði verið gegn öðrum ákvæðum sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Ítalíu gert að greiða kærendum 5.000 evrur í skaðabætur. Ríkinu var að auki gert að greiða fyrstnefndu kærendunum tveimur 50.000 evrur hvorum í miskabætur og síðarnefndu kærendunum tveimur 15.000 evrur. Að lokum var Ítalíu gert að greiða samanlagt 20.000 evrur vegna málskostnaðar kærenda.

Trévalec gegn Belgíu

Dómur frá 14. júní 2011

Mál nr. 30812/07

2. gr. Réttur til lífs

Lögregla. Valdbeiting. Líkamstjón.

1. Málsatvik

Kærandi, Yves Trévalec, er franskur ríkisborgari búsettur í Lúxemborg og starfar sem fréttamaður. Í janúar 2003 var hann að vinna að frétt í Belgíu fyrir franska sjónvarpsstöð en leyfi hafði fengist frá lögreglufirvöldum til að fylgjast með störfum sersveitarmanna þar í landi. Aðfaranótt 12. janúar fór kærandi ásamt tókuliði sínu með sersveitarmönnum í útkall. Meðan á aðgerðinni stóð skutu tveir lögreglumenn, sem voru ekki meðlimir sersveitarinnar, sjö skotum í átt að kærandi en hann stóð aðeins nokkra metra frá þeim. Tvö þessara skota hæfðu kærandi en annan fótinn. Læknisfræðilegar afleiðingar þessa atviks voru miklar fyrir kærandi og hefur hann enn ekki náð sér að fullu. Í kjölfar atviksins hófu lögreglufirvöld og saksóknari viðamikla rannsókn á því og hvort lögreglumennirnir hefðu gerst sekir um vanrækslu eða saknæma hegðun. Saksóknari fór síðar fram á að rannsakað yrði hvort lögreglumennirnir hefðu skotið á kærandi af ásettu ráði. Í yfirheyrslum kváðust lögreglumennirnir hafa talið að kærandi væri vopnaður. Dimmt hefði verið úti fyrir þegar atvikið átti sér stað og þeir heyrt hljóð bakvið sig sem þeir töldu koma frá hugsanlegum árásar-

2. g. Réttur til lífs

manni. Þá báru lögreglumennirnir því við að þeim hefði ekki verið tilkynnt um veru kæranda og aðstoðarmanna hans á staðnum. Við frekari rannsókn málsins kom í ljós að eina tilkynningin sem sett var upp um fyrirhugaða aðkomu kæranda að aðgerðum lögreglu var miði sem komið var fyrir í höfuðstöðvum lögreglunnar. Þá hafði engin tilkynning komið í gegnum kallkerfi lögreglunnar um fyrirhugaðar aðgerðir sérsveitarmanna og að kærandi væri með þeim í för.

Í mars árið 2005 ákærði saksóknari yfirmann lögreglumannanna tveggja ásamt starfsmönnum kallkerfis lögreglunnar þar sem þeir tilkynntu ekki samstarfsmönnum sínum um nærveru kæranda fyrrgreint kvöld. Í tilkynningunni frá saksóknara kom fram að mál lögreglumannanna tveggja hefði verið látið niður falla þar sem talið var sannað að þeir hefðu skotið á kæranda í sjálfsvörn. Þann 16. maí 2006 vísaði héraðsdómur ákærinni frá þar sem saksóknara hefði ekki tekist að sýna fram á tengsl milli vanrækslu hinna ákærðu að tilkynna um nærveru kæranda og þess tjóns sem hann varð fyrir. Áfrýjunardómstóll staðfesti þessa niðurstöðu árið 2007 og síðar sama ár var áfrýjun kæranda til hæstaréttar landsins vísað frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi hélt því fram að aðgerðir lögreglumannanna tveggja sem skutu á hann hefðu verið úr öllu hófi og lífshættulegar. Þá hefðu yfirvöld ekki gert nægilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvikið né rannsakað það með fullnægjandi hætti. Með þessu hefði verið brotið gegn 2. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn leit til þess að lögreglumennirnir tveir sem skutu á kæranda hefðu verið þátttakendur í lögregluáðgerð þegar atvik átti sér stað. Grunur hefði leikið á að þeir sem áðgerð lögreglu beindist gegn væru vopnaðir. Þá hafði lögreglumönnum ekki verið tilkynnt um aðkomu kæranda að áðgerðinni. Þegar atvikið átti sér stað var mikið myrkur og héldu lögreglumennirnir að myndavél kæranda væri skotvopn. Féllst dómstóllinn því á það með landsdómstólum að áðgerðir lögreglumannanna tveggja hefðu getað réttlæst af sjálfsvörn og þjónað þeim lögmæta tilgangi að verja menn gegn ólögmætu ofbeldi í skilningi 2. mgr. 2. gr. sáttmálans. Til þess að meta hvort umrædd valdbeiting hefði verið nauðsynleg til að tryggja öryggi lögreglumannanna þurfti dómstóllinn einnig að taka tillit til þeirra ráðstafana sem gerðar voru af hálfu lögreglu til að tryggja öryggi kæranda. Með því að heimila kæranda að taka þátt í áðgerðum lögreglu höfðu lögregluyfirvöld í raun ábyrgst öryggi hans.

Óumdeilt var að kærandi fékk ákveðnar leiðbeiningar um mögulega hættu á undirbúningsfundi með sérsveitarmönnum. Hins vegar hafði tilkynningum til almennra lögreglumanna um nærveru kæranda í för með sérsveitarmönnum og ferðir þeirra verið mjög ábótavant. Dómstóllinn taldi að lögreglumennirnir sem skutu á kæranda hefðu ótvírætt sýnt meiri varkárni hefðu þeir vitað að kvik-

2. g. Réttur til lífs

myndatökulið var í fylgd með sersveitarmönnum og ekki var útilokað að hægt hefði verið að koma í veg fyrir atvikið með betri upplýsingagjöf og tilkynningum til lögreglu. Þrátt fyrir að kærandi hlyti að hafa gert sér grein fyrir því að ákveðin hætta fylgdi því að slást í för með sersveitarmönnum varð ekki séð að hann hefði á einhvern hátt getað komið í veg fyrir atvikið með því að sýna af sér meiri varkárni.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að yfirvöld sem tryggja áttu öryggi kæranda hefðu ekki sýnt næga aðgætni þegar kom að því að tilkynna um veru hans í fylgd með sersveitarmönnum. Hefði verið rétt staðið að málum hefði að mati dómstólsins mátt koma í veg fyrir þá hættu sem steðjaði að lífi kæranda og það líkamstjón sem hann varð fyrir. Hefði með þessu verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 2. gr. sáttmálans.

Hvað varðaði rannsókn málsins taldi dómstóllinn að ekkert hefði komið fram sem benti til þess að henni hefði verið ábótavant. Málið hefði verið afgreitt fagmannlega að hálfu yfirvalda og engar óþarfa tafir orðið á afgreiðslu þess.

Þar sem kærandi krafðist hárra bóta fyrir það líkamstjón sem hann varð fyrir taldi dómstóllinn rétt að fresta ákvörðun bóta þar til báðir aðilar hefðu skilað inn frekari gögnum.

Einn dómari skilaði séráliti.

3. gr. Bann við pyndingum

M.S.S. gegn Belgíu og Grikklandi - Yfirdeild

Dómur frá 21. janúar 2011

Mál nr. 30696/09

3. gr. Bann við pyndingum

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Hælisleitendur. Meðferð hælisúmsóknar. Dyflinnarreglugerð. Ómannúðleg meðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, M.S.S., er afgangskur ríkisborgari, sem fór frá Kabúl snemma árs 2008. Hann komst til Grikklands með því að ferðast í gegnum Íran og Tyrkland. Þann 10. febrúar 2009 kom hann til Belgíu þar sem hann sótti um hæli. Í samræmi við svokallaða Dyflinnarreglugerð Evrópusambandsins fóru belgísk stjórnvöld fram á það við grísk yfirvöld að þau fjölluðu um umsókn kæranda. Á meðan mál kæranda var til meðferðar sendi Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna bréf til belgíska innflytjendamálaráðherra þar sem málsmeðferð og aðstaða sem flóttamenn áttu kost á í Grikklandi var gagnrýnd. Í maí 2009 var kæranda engu að síður gert að yfirgefa Belgíu. Belgísk yfirvöld í innflytjendamálum fengu engin svör frá grískum yfirvöldum við beiðni þeirra um að mál kæranda yrði tekið fyrir þar. Kveðið var á um það í Dyflinnarreglugerðinni að slíkt svar ætti að berast innan tveggja mánaða frá því að ósk er send. Belgísk yfirvöld litu svo á að fallist hefði verið á beiðni þeirra í máli kæranda.

Kærandi kærði meðferð belgískra yfirvalda til sérstakrar kærunefndar. Í kærinni hélt hann því fram að hann ætti á hættu að verða sviptur frelsi í Grikklandi og haldið við aðstæður sem væru ekki mönnum bjóðandi, verulegir gallar væru á meðferð grískra yfirvalda á málum hælisleitenda og að hann óttaðist að verða sendur til Afganistan. Líkur væru á því að ekki yrði tekið tillit til þeirra ástæðna sem lágu til þess að hann þurfti að flýja Afganistan en talibanar hefðu reynt að ráða hann af dögum vegna túlkunarstarfa hans fyrir alþjóðaherliðið í Kabúl.

Kærandi var fluttur til Grikklands 15. júní 2009. Strax við komu á flugvöllinn í Aþenu var hann handtekinn og vistaður í byggingu í námunda við flugvöllinn. Samkvæmt gögnum málsins var hann lokaður inni í litlu herbergi ásamt 20 öðrum. Aðgangur þeirra að salerni var takmarkaður, þeim var ekki hleypt út undir bert loft, fengu lítið að borða og urðu að sofa á óhreinum dýnum eða á gólfinu. Þegar kærandi var látinn laus 18. júní 2009 var hann húsnæðislaus og hafði enga möguleika á að framfæra sig.

Kærandi reyndi því að fara frá Grikklandi eftir að hafa aflað sér falsaðra persónuskilríkja. Hann var handtekinn og færður á sama stað og áður við flugvöllinn í Aþenu. Þar dvaldist hann í eina viku og sætti að eigin sögn barsmíðum

3. gr. Bann við pyndingum

af hálfu lögreglumanna. Þegar hann var látinn laus varð hann húsnæðislaus á ný og þurfti að reiða sig á aðstoð frá almennum borgurum og kirkjunni. Þegar flóttamannaskilríki kæranda voru endurnýjuð í desember 2009 var leitað einhverra úrræða til að útvega honum húsnæði, en samkvæmt framburði hans varð engin breyting á aðstæðum hans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að þær aðstæður sem hann bjó við í Grikklandi hefðu verið ómannúðlegar og vanvirðandi og því hefðu réttindi hans samkvæmt 3. gr. sáttmálans verið brotin. Engin réttarúrræði hefðu staðið til boða í grísku réttarkerfi vegna meintra brota á 2. og 3. gr. sáttmálans og þar með hefði verið brotið gegn 13. gr. sáttmálans. Enn fremur taldi kærandi að belgísk yfirvöld hefðu komið honum í umræddar aðstæður og með því hefðu þau einnig brotið gegn 2. og 3. gr. sáttmálans. Honum hefði ekki verið unnt að láta reyna á þessi réttindi sín fyrir belgískum stjórnvöldum og því hefði verið brotið gegn 13. gr. sáttmálans.

Kæran barst dómstólnum 11. júní 2009. Dómstóllinn ákvað að beita reglu 39 í reglum dómstólsins þann 2. júlí 2009 og gaf Grikklandi fyrirmæli um senda kæranda ekki aftur til Afganistan á meðan mál hans væri til meðferðar hjá dómstólnum.

Þann 16. mars 2010 var ákveðið að senda málið til yfirdeildar dómstólsins. Hollensk og bresk yfirvöld auk mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins og Flóttamannahjálpar SP fengu meðalgöngu við meðferð málsins samkvæmt 36. gr. sáttmálans. Ýmis frjáls félagasamtök létu einnig málið til sín taka og fengu að koma á framfæri skriflegum athugasemdum.

Niðurstaða

Um 3. gr. (gegn Grikklandi): Dómstóllinn tók fyrst til umfjöllunar þær aðstæður sem kærandi þurfti að búa við þegar hann var sviptur frelsi í Grikklandi. Dómstóllinn tók fram að hann hefði vissan skilning á því að mikill fjöldi innflytjenda og flóttamanna leitaði eftir því að flytjast til aðildarríkja sáttmálans. Það leiddi þó ekki þess að þau gætu virt að vettugi þau réttindi sem þessir einstaklingar nytu samkvæmt 3. gr. sáttmálans.

Þegar kærandi kom til Aþenu frá Belgíu hefði grískum yfirvöldum verið gerð grein fyrir því hver kærandi væri og stöðu hans sem hælisleitanda. Engu að síður hefði hann strax verið handtekinn án þess að vera upplýstur um ástæðu þess. Dómstóllinn benti á að alþjóðlegar stofnanir og frjáls félagasamtök hefðu gert fjölda skýrslna þar sem athugasemdir voru gerðar við þessa framkvæmd grískra yfirvalda. Ásakanir kæranda um að hann hefði orðið fyrir ofbeldi af hálfu lögreglu samræmdust vitnisburði fjölda manna sem ýmsar stofnanir og félagasamtök höfðu skrásett. Vísaði dómstóllinn til upplýsinga sem Evrópu-

3. gr. Bann við pyndingum

nefnd um varnir gegn pyndingum og Flóttamannahjálpar SP höfðu aflað um meðferð og aðbúnað hælisleitenda í Grikklandi.

Þótt frelsisvipting kæranda hefði staðið í skamman tíma yrði ekki litið framhjá því að aðstæður sem hann var vistaður í voru óviðunandi. Dómstóllinn taldi að í ljósi þess hve ráðstöfunin var handahófskennd og með hliðsjón af þeirri lítilsvirðingu sem kæranda var sýnd, ótta sem hann hefði eflaust fyllst, auk þeirra áhrifa sem frelsisvipting sem þessi hlýti að hafa á sjálfsvirðingu hvers manns, hefði meðferð á kæranda verið vanvirðandi og því brotið gegn 3. gr. sáttmálans

Dómstóllinn tók einnig til sérstakrar umfjöllunar hvort þær aðstæður, sem kærandi bjó við þegar honum var sleppt úr haldi, hefðu verið í samræmi við 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók fram að 3. gr. skyldaði aðildarríkin almennt ekki til að veita flóttamönnum fjárhagslega aðstoð til að tryggja þeim viðurværi. Aftur á móti taldi dómstóllinn að aðstæður kæranda hefðu verið sérstaklega alvarlegar. Þótt grísk löggjöf og löggjöf Evrópusambandsins hefðu lagt yfirvöldum ákveðnar skyldur á herðar í þessu sambandi hefði kærandi lifað í sárri fátækt og ekki átt þess kost að nærast, ekki notið almenns hreinlætis eða haft þak yfir höfuðið. Framburður kæranda hvað þetta varðar var studdur skýrslum alþjóðastofnana og þá sér í lagi mannréttindastjóra Evrópuráðsins og Flóttamannahjálpar SP.

Grísk yfirvöld voru ekki talin hafa upplýst kæranda um möguleika hans að finna dvalarstað. Skjal þar sem kærandi var upplýstur um skyldu sína til að láta lögreglu vita um heimilisfang sitt gat ekki verið skilið á þann veg að kærandi gæti vænst þess að hann yrði aðstoðaður væri hann heimilislaus. Yfirvöldum hefði ekki getað dulist að kærandi var heimilislaus. Grísk yfirvöld hefðu sjálf viðurkennt að einungis væri pláss fyrir tæplega eitt þúsund hælisleitendur í þeirri aðstöðu sem þau útveguðu, en tugir þúsunda hælisleitenda væru í landinu. Ekki var því fallist á rök grískra yfirvalda um að aðstæður kæranda stöfuðu af tómlæti hans sjálfs. Þeim væri um að kenna að kærandi var settur í þessar slæmu aðstæður í svo langan tíma sem raun bar vitni. Þau voru því talin bera ábyrgð á aðstæðum kæranda og hefðu þar með brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 13. gr. ásamt 2. og 3. gr. (gegn Grikklandi): Óumdeilt var að aðstæður væru slæmar í Afganistan og sú skylda hefði hvílt á grískum yfirvöldum að fjalla um hælisisókn kæranda. Dómstóllinn tók því fram að hann þyrfti að meta hvort meðferð mála hælisleitenda í Grikklandi væri nægilega vonduð til að tryggja að ekki væru teknar geðþóttaákvæðanir um örlög þeirra sem flýðu aðstæður í Afganistan.

Dómstóllinn tók fram að þótt ýmis úrræði væru í gríska stjórnýslukerfinu hefðu alþjóðastofnanir og frjáls félagasamtök margsinnis bent á að framkvæmd grískra stjórnvalda væri ekki í samræmi við lög. Grundvallarágallar væru á meðferð mála hælisleitenda. Til að mynda væru þeim ekki veittar fullnægjandi upplýsingar um málsmeðferðina, samskipti milli hælisleitenda og stjórnvalda væru takmörkuð og óáreiðanleg, þjálfun starfsfólks væri ábótavant

3. gr. Bann við pyndingum

og túlka skorti, auk þess sem hælisleitendur ættu afar takmarkaða möguleika á lögfræðiaðstoð. Fyrir vikið ættu hælisleitendur mjög litla möguleika á því að fá umsóknir sínar skoðaðar af stjórnvöldum. Í skýrslu Flóttamannahjálpar SÞ fyrir árið 2008 kom fram að fallist væri á 0,1% þessara umsókna í Grikklandi en 36,2% í fimm af þeim sex Evrópusambandsríkjum sem fengu flestar umsóknir ásamt Grikklandi.

Dómstóllinn var ekki sannfærður um gildi þeirra röksemda grískra yfirvalda að kærandi hefði sýnt af sér tómlæti um að láta lögreglu yfirvöld vita af sér og bæri því sjálfur ábyrgð á að ekki hefði verið leyst úr umsókn hans. Dómstóllinn benti á að eins og svo margir aðrir hælisleitendur hefði kærandi miskilið þær leiðbeiningar sem hann fékk. Framangreindar hindranir, sem hælisleitendur yrðu fyrir, leiddu til þess að kæranda hefði verið afar erfitt að fylgja máli sínu eftir og honum hefði t.d. ekki verið bent á félagasamtök eða lögmenn sem gætu veitt honum lögfræðiaðstoð. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 13. gr. með hliðsjón af 3. gr. sáttmálans.

Um 2. og 3. gr. (gegn Belgíu): Dómstóllinn tók sérstaklega til umfjöllunar ábyrgð Belgíu vegna þess að kæranda var gert að sæta málsmeðferð Grikklands vegna hælisumsóknar hans. Dómstóllinn tók fram að framangreindir gallar á grískri stjórnvöldum hefðu hlotið að vera belgískum stjórnvöldum ljósir. Ekki hefði verið hægt að gera þá kröfu til kæranda að hann einn upplýsti belgísk stjórnvöld um aðstæður í Grikklandi. Jafnvel þótt dómstóllinn hefði árið 2008 talið að heimilt væri að senda hælisleitanda til Grikklands samkvæmt Dyflinnarreglugerðinni hefði stjórnvöldum ekki verið heimilt að líta framhjá fjölda skýrslna alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka sem hafi verið gefnar út síðan þá. Ekki hefði hvílt skylda á belgískum stjórnvöldum að senda kæranda til Grikklands. Þeim hefði borið að kanna aðstæður í Grikklandi en það hefði ekki verið gert. Af þessum sökum var talið að Belgía hefði brotið gegn 3. gr. sáttmálans með því að stuðla að því að kærandi sætti stjórnvöldum meðferð í Grikklandi.

Dómstóllinn taldi ekki nauðsynlegt að fjalla jafnframt um meint brot Belgíu gegn 2. gr. sáttmálans.

Um 13. gr. ásamt 2. og 3. gr. (gegn Belgíu): Að því leyti sem kærán varðaði skort á réttarúrræðum vegna endursendingar samkvæmt belgískum lögum, báru belgísk yfirvöld því við að kæra hefði verið möguleg samkvæmt sérstakri málsmeðferð. Sú leið hefði getað frestað framkvæmd ákvörðunar í allt að 72 klukkustundir og hefði sérstök úrskurðarnefnd þurft að taka afstöðu til máls kæranda innan þess tíma. Dómstóllinn taldi að þetta úrræði uppfyllti ekki kröfur 13. gr. í ljósi þeirrar áherslu sem dómstóllinn hefði lagt á að mál, sem snerust um mögulega hættu á að hælisleitendur yrðu fyrir meðferð sem bryti gegn 2. eða 3. gr., fengu ítarlega skoðun stjórnvalda. Var því talið að brotið hefði verið gegn 13. gr. sáttmálans.

3. gr. Bann við pyndingum

Í ljósi alls ofangreinds var Grikkland dæmt til að greiða kæranda eitt þúsund evrur í miskabætur og 4.725 evrur í málskostnað. Belgíu var gert að greiða kæranda 24.900 evrur í miskabætur og 7.350 evrur í málskostnað.

Fjórir dómarrar skiluðu sératkvæði þar sem fallist var á niðurstöðu meiri-hlutans.

Payet gegn Frakklandi

Dómur frá 20. janúar 2011

Mál nr. 19606/08

3. gr. Bann við pyndingum

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Afplánun refsidóms. Öryggisráðstafanir. Agaviðurlög.

1. Málsatvik

Kærandi, Pacal Payet, er franskur ríkisborgari, fæddur árið 1963. Hann afplánar dóm í fangelsi í Frakklandi fyrir að hafa myrt peningaflutningamann, flúið úr fangelsi, skipulagt flóttu samverkamanna sinna, vopnað rán og vopnaða árás á lögreglumenn. Í október 2001 reyndi kærandi að sleppa úr fangelsi með hjálp þyrilu. Í kjölfarið var hann skilgreindur sérstaklega sem fangi sem verulegar líkur væri á að reyndi að sleppa. Af þeirri ástæðu var hann settur í einangrun og reglulega var gripið til úrræða til þess að koma í veg fyrir að hann slyppi á ný. Í þessu skyni var hann til dæmis reglulega færður á milli staða. Í júlí árið 2005 var reynt að frelsa kæranda og aftur var notast við þyrilu.

Í apríl 2007 óskaði kærandi eftir því að felldar yrðu niður þær sérstöku ráðstafanir sem beitt hafði verið í þrjú ár til að koma í veg fyrir flóttu hans. Þann 25. maí 2007 úrskurðaði dómari að veruleg hætta væri á að kærandi reyndi að sleppa úr fangelsi og því væri nauðsynlegt að flytja hann reglulega á milli staða.

Í júlí 2007 tókst kæranda aftur að flýja úr fangelsi. Hann var handtekinn á Spáni og færður í fangelsi í Fleury-Merogis í Frakklandi. Þar var honum komið fyrir í sérstakri öryggisálmú í 45 daga. Kærandi hélt því fram að aðstæður í álmunni hefðu verið óviðunandi. Hann benti sérstaklega á að gólfloður klefa hans hefði verið 4,14 fermetrar og að loftræsting og lýsing hefðu verið af takmörkuð Enn fremur hefði reglulega flætt inn í bygginguna og föngum veitt afar fá tækifæri til að fara út undir bert loft. Þá hélt hann því fram að eina vatnið, sem kostur væri á í klefanum, kæmi úr krana í salernisskál. Embættismanni, sem var falið að kanna aðstæður í fangelsinu, blöskraði aðstæður í refsialmunni og tilgreindi í skýrslu sinni að löngu væri kominn tími til að aðstaðan yrði bætt.

Kröfum kæranda var hafnað af dómstólum.

2. Meðferð málsins fyrir Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi reisti kröfu sína á 3. gr. sáttmálans. Hann hélt því fram að stöðugir flutningar hans milli staða, og aðbúnaður hans í öryggisálfu fangelsisins í Fleury-Merogis hefðu brotið í bága við 3. gr. sáttmálans og 8. gr. sáttmálans. Kærandi taldi einnig að meðferð máls hans eftir að hann flúði úr fangelsi, sem leiddi til agaviðurlaga sem hann þurfti að sæta, hefði brotið í bága við 1. og 3. mgr. 6. gr. sáttmálans. Loks taldi kærandi að 13. gr. sáttmálans hafi verið brotin þar sem honum hefði verið gert ókleift að fá úrlausn dómstóla um aðbúnað og meðferð í fangelsinu.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Um það kæruefni að kærandi hefði reglulega verið færður á milli afplánunarstaða til að koma í veg fyrir flótta hans, benti dómstóllinn á að frönsk yfirvöld hefðu haft réttmæta ástæðu til að ætla að kærandi myndi reyna að sleppa úr fangelsi. Talið var að yfirvöld hefðu ekki gengið lengra en nauðsynlegt var í tilviki kæranda. Aðstæðurnar hefðu ekki verið þess eðlis að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans.

Varðandi aðstæður í refsíálfu fangelsisins í Fleury-Merogis tók dómstóllinn fram að ýmsar heimildir renndu stöðum undir staðhæfingar kæranda. Dómstóllinn taldi að jafnvel þótt yfirvöld hefðu ekki ætlað sér að niðurlægja kæranda hefðu aðstæðurnar verið til þess fallnar að valda kæranda bæði andlegum og líkamlegum þjáningum. Brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 6. gr.: Dómstóllinn taldi að þau agaviðurlög, sem kærandi þurfti að sæta vegna brota hans í fangelsi, teldust ekki vera refsingar fyrir glæpi þar sem þær leiddu ekki til þess að frelsisvipting hans væri lengd. Af þessu sökum yrði ekki talið að meðferð máls hans varðandi agaviðurlögin félli undir 6. gr. sáttmálans. Að því leyti sem kæran var byggð á 1. mgr. 6. gr. sáttmálans var henni hafnað.

Um 8. gr.: Frönsk fangelsismálayfirvöld höfðu ekki bannað heimsóknir fjölskyldu kæranda í fangelsin þar sem hann var vistaður. Slíkum heimsóknum voru þó settar ákveðnar skorður vegna hættu á því að hann reyndi að sleppa og öryggisviðbúnaðar af þeim sökum. Dómstóllinn taldi að þær ráðstafanir hefðu ekki falið í sér brot á 3. gr. Með hliðsjón af því að honum hafði alltaf verið haldið á tilteknum svæðum í Frakklandi taldi dómstóllinn ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um það hvort brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Dómstóllinn taldi að brotið hefði verið gegn 13. gr. sáttmálans. Þótt fongum væri iðulega komið fyrir í einangrunarklefum fangelsa með skömmum fyrirvara, væri einangrunarvist svo alvarlegt úrræði að fongum yrði að vera mögulegt að láta reyna á slík agaviðurlög fyrir dómi. Þar sem kæranda stóð slíkt úrræði ekki til boða var um að ræða brot gegn 13. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 9 þúsund evrur í miskabætur og 6 þúsund evrur í málskostnað.

Rahimi gegn Grikklandi

Dómur frá 5. apríl 2011

Mál nr. 8687/08

3. gr. Bann við pyndingum

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Útlendingar. Meðferð hælisleitenda. Börn.

1. Málsatvik

Kærandi, Eivas Rahimi, er afganskur ríkisborgari. Hann fæddist árið 1992 og býr sem stendur í Aþenu. Eftir að foreldrar hans létust í átökum í Afganistan flúði hann land til grísku eyjunnar Lesbos. Þar var hann handtekinn 19. júlí 2007, þá fimmtán ára gamall, og vistaður í flóttamannabúðum. Hann sótti um pólitískt hæli í Grikklandi.

Grísk yfirvöld héldu því fram að kærandi hefði strax verið látinn vita, með tilkynningu sem skrifuð var á arabísku, um rétt hans til að kvarta yfir vistun sinni til lögreglustjóra og rétt hans til að láta reyna á frelsissviptingu hans fyrir stjórnsýsludómstóli. Kærandi hélt því aftur á móti fram að hann hefði ekki fengið neinar upplýsingar um að unnt væri sækja um pólitískt hæli. Þá hefði hann ekki fengið fullnægjandi aðstoð tülks. Vísaði kærandi sérstaklega til þess að túlkurinn sem aðstoðaði hann hefði ekki verið bundinn trúnaði. Kærandi hélt því fram að hann hefði ekki fengið upplýsingar um réttindi sín á tungumáli sem hann skildi.

Kæranda var haldið í flóttamannabúðunum fram til 21. júlí 2007. Hann hélt því fram að hann hefði verið látinn dvelja með fullorðnum, sofa á óhreinum dýnum, borða á gólfinu og að hann hefði ekki fengið að hafa nokkur tengsl við umheiminn. Eitt sinn hefði hann þó fengið að ræða við fulltrúa félagasamtaka.

Grísk yfirvöld héldu því fram að kærandi hefði dvalist í klefa sem sérstaklega hefði verið hannaður fyrir ungmenni og að hann hefði ekki látið í ljós neina óánægju með aðstæður sínar. Ákvörðun um brottvísun kæranda var gefin út 20. júlí en þar kom fram að frændi kæranda, N.M., sem væri fæddur árið 1987, ætti að fara með honum. Kærandi hélt því fram að hann vissi ekki hver N.M. væri og að hann hefði aldrei gefið til kynna við yfirvöld að hann þekkti hann. Grísk yfirvöld héldu því aftur á móti fram að kærandi hefði hvorki gert athugasemd við þetta fyrirkomulag né látið vita að N.M. væri ekki frændi hans og að hann vildi ekki fylgja honum.

Eftir að kærandi var látinn laus naut hann hvorki aðstoðar stjórnvalda til að ferðast innan Grikklands né til að dveljast þar. Kærandi var heimilislaus um nokkurt skeið þar til frjáls félagasamtök í Aþenu veittu honum húsaskjól á farfuglaheimili. Í vottorði frá félagasamtökunum kom fram að kærandi hefði komið til borgarinnar ásamt öðrum ungmennum sem ekki voru í fylgd fullorðinna. Kærandi hefði átt erfitt með að aðlagast aðstæðum og sofa í myrkrí. Hann hefði einnig verið mjög horaður og veikburða. Kæranda hefði ekki verið skipaður tilsjónarmaður. Hann hefði flúið Afganistan af ótta við að verða neyddur til hermennsku hjá talibönum.

Beiðni kæranda um pólitískt hæli í Grikklandi var hafnað.

2. Meðferð málsins fyrir Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn rétti hans samkvæmt 3. og 13. gr. sáttmálans þar sem honum hefði ekki verið veittur viðhlítandi stuðningur miðað við að hann var unglingur sem ekki var í fylgd fullorðinna þegar hann var handtekinn. Þá hefðu þær aðstæður, sem honum hefðu verið búnar eftir að hann var sviptur frelsi og síðan eftir að honum var sleppt lausum verið alls ófullnægjandi. Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn 1., 2. og 4. mgr. 5. gr. sáttmálans þar sem litið hefði verið framhjá þeirri staðreynd að hann var unglingur og auk þess ekki verið upplýstur um ástæður frelsissviptingarinnar.

Niðurstaða

Um 3. og 13. gr.: Dómstóllinn fjallaði sérstaklega um þau sjónarmið sem hafa bæri í huga við sönnun á málsatvikum. Tekið var fram að dómstóllinn væri ekki bundinn við þau gögn sem grísk stjórnvöld létu dómstólnum í té heldur gæti hann litið til annarra gagna sem aflað hefði verið vegna málsins.

Með hliðsjón af vottorði þeirra félagasamtaka sem aðstoðuðu kæranda var talið sannað að frá og með 27. júlí 2007 hefði kærandi ekki verið í fylgd ættingja sinna. Um tímabilið frá 19. til 27. júlí 2007 leit dómstóllinn til ýmissa skýrslna um aðbúnað flóttamanna á eyjunni Lesbos sem þóttu staðfesta ásakanið kæranda um að alvarlegir ágallar hefðu verið á meðferð grískra yfirvalda á ungum flóttamönnum sem ekki voru í fylgd annarra flóttamanna og að yfirvöld hefðu margsinnis skráð að börn væru í fylgd með fullorðnum skyldmönnum þegar þau voru það í raun ekki og að þau væru oft skráð sem fullorðnir. Dómstóllinn benti á að í gögnum grískra yfirvalda væri ekki að finna upplýsingar um nein fjölskyldutengsl kæranda og N.M. Sérstaklega var bent á að svo virtist sem textinn í tilkynningu til kæranda um að honum og frænda hans væri vísað úr landi væri staðlaður. Málsmeðferð grískra yfirvalda sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að kærandi og N.M. væru skyldir hefði verið óljós og ekki til þess fallin að tryggja að svo væri í raun. Þetta hefði haft alvarlegar afleiðingar þar sem N.M. hefði átt að vera tilsjónarmaður kæranda. Grísk yfirvöld höfðu ekki veitt neinar upplýsingar um það hvað varð um N.M. eftir að honum var sleppt lausum. Ekki var talið að kærandi hefði notið tilsjónar fullorðins einstaklings á tímabilinu 19. til 27. júlí 2007.

Upplýsingabæklingurinn sem kærandi fékk frá grískum yfirvöldum hafði engar upplýsingar um möguleika hans til að kvarta til lögreglustjóra eins og yfirvöld héldu fram. Dómstóllinn taldi að þau hefðu hvorki náð að sýna fram á að lögreglustjóra hefði borið skylda til að bregðast við slíkri kvörtun né hvenær vænta hefði mátt slíkra viðbragða. Dómstóllinn benti á að Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum hefði gert athugasemdir við að á Grikklandi væri engri stofnun falið að sinna eftirliti með flóttamannabúðum eins og þeim sem kæranda var komið fyrir í. Loks var talið að upplýsingabæklingurinn hefði ekki komið kæranda að miklu gagni, enda hefði hann verið á arabísku sem kærandi

3. gr. Bann við pyndingum

skyldi ekki. Í ljósi þessa var talið að kærandi hefði ekki þurft að tæma frekari kæruleiðir áður en dómstóllinn tæki mál hans til skoðunar.

Dómstóllinn tók fram að hann gæti ekki slegið því föstu að kærandi hefði verið vistaður með fullorðnum einstaklingum en lýsingar hans á aðbúnaði í flóttamannabúðunum þar sem hann dvaldist voru taldar í samræmi við ýmsar heimildir sem bentu til þess að aðbúnaður þar hefði verið slæmur. Talið var að aðbúnaðurinn hefði verið vanvirðandi fyrir kæranda jafnvel þótt hann hefði einungis verið í búðunum í tvo daga.

Um aðbúnað kæranda eftir að honum var sleppt úr haldi tók dómstóllinn fram að kærandi tilheyrði hópi fólks sem ætti undir högg að sækja og að yfirvöldum hefði þess vegna borið að grípa til ráðstafana til að annast hann og vernda. Sér í lagi hefði verið nauðsynlegt að skipa kæranda tilsjónarmann. Talið var að yfirvöld hefðu vanrækt þetta hlutverk sitt. Af þessum sökum hefði kærandi þurft að sjá um sig sjálfur sem vafalaust hefði leitt til andlegs áfalls fyrir hann eins og lýst var í vottorði frá þeim samtökum sem síðar tóku kæranda upp á sína arma. Var talið að grísk yfirvöld hefðu brotið gegn 3. gr. sáttmálans með því að setja kæranda í þessar aðstæður eftir að honum var sleppt úr flóttamannabúðunum. Einnig hefði verið brotið gegn 13. gr. sáttmálans þar sem kærandi hefði ekki átt þess kost að leita réttar síns vegna þessa hjá grískum yfirvöldum.

Þar sem grísk yfirvöld hefðu svipt kæranda frelsi í samræmi við heimildir sem kveðið var á um í grískum lögum án þess að taka til nokkurrar skoðunar hvort úrræðið sem beitt var væri í samræmi við aðstæður kæranda sem barns var talið að brotið hefði verið gegn f-lið 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Einnig var talið að brotið hefði verið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans þar sem kæranda hefði ekki verið veittur kostur á að láta reyna á frelsissviptingu sína fyrir viðeigandi yfirvaldi eða dómstól.

Toumi gegn Ítalíu

Dómur frá 5. apríl 2011

Mál nr. 25716/09

Sjá reifun dómsins undir 34. gr.

Utlendingar. Framsal sakamanna. Kæruréttur einstaklinga.

Duval gegn Frakklandi

Dómur frá 26. maí 2011

Mál nr. 19868/08

3. gr. bann við pyndingum

Fangar. Þvingunarráðstafanir. Meðferð við læknisskoðun.

1. Málsatvik

Kærandi, Michel Duval, er franskur ríkisborgari, fæddur árið 1950. Hann var dæmdur til 15 ára fangelsisvistar 6. desember 2002 fyrir kynferðisbrot gegn barni. Meðan á afplánun stóð þurfti hann nokkrum sinnum að leita til læknis á sjúkrahús utan fangelsis. Við flutning kærandi til læknisins var hann var látinn bera fótjárn. Þá sagðist kærandi einnig hafa verið handjárnaður fyrir aftan bak í nokkur skipti. Einnig hefðu fangaverðir eða lögreglumenn verið viðstaddir læknisskoðunina. Kærandi fannst hann hafa verið niðurlægður, einkum í læknisskoðun 28. september 2005 þegar hann þurfti að gangast undir endaðarmskoðun og fangaverðir hefðu neitað að yfirgefa herbergið á meðan þrátt fyrir ósk kærandi.

Kærandi bar fram kröfu þann 2. júní 2005 við stjórnsludómstóla um að reglur frá 18. nóvember 2004 um skipulag á fylgd fangavarða til læknisskoðunar yrði felldar úr gildi. Reglurnar mæltu fyrir um þriggja þrepa eftirlit og fangelsisstjóri skyldi meta hverju sinni hvaða háttur skyldi hafður á flutningi. Kærandi hélt því fram að það væri andstætt 3. gr. Mannréttindasáttmálans að láta heimild til aukinna þvingunarúrræða ná til læknisskoðana en ekki eingöngu til flutninga og leyfilegra ferða til og frá fangelsinu vegna læknisskoðunar.

Stjórnsludómstóll vísaði kæru frá með ákvörðun þann 15. október 2007. Hann komst að þeirri niðurstöðu að umrædd ákvæði ættu einungis við þegar alvarleg hætta væri á flóttu eða broti á allsherjarreglu. Þau heimiluðu hins vegar ekki meðferð sem krefðist þvingunar umfram það sem væri nauðsynlegt til þess að fram færi læknisskoðun við nægjanlega öruggar aðstæður.

2. Málsmeðferð hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kærði brot á 3. gr. sáttmálans á þeim grundvelli að honum hefði verið haldið í handjárnnum og fjötrum meðan á læknisskoðuninni stóð, ekki hefði verið gætt meðalhófs þegar hann var handjárnaður fyrir aftan bak og haldið í fjötrum meðan viðkvæm læknisskoðun fór fram fyrir framan fangaverði. Þessar aðgerðir hefðu brotið gegn rétti hans til trúnaðar við læknismeðferð sem hann ætti rétt á samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaðan

Um 3. gr.: Dómstóllinn gat ekki metið nauðsyn þessara ráðstafana í hverju tilviki þar sem skýrslum um flutning kærandi hafði verið eytt. Upplýsingar um mál kærandi komu fram í skýrslu frá félagsmálaráðuneytinu frá 20. september 2005. Skýrslan rakti staðreyndir sem tengdust læknisheimsóknnum kærandi og staðfestar voru af heilbrigðis- og fangelsismálastarfsfólki.

Í skýrslunni kom fram að flutningur kærandi á sjúkrahús hefði farið eftir þeim reglum sem þá giltu um skipulag fylgdar fangavarða með föngum út fyrir fangelsi. Fram kom í skýrslunni að öryggisráðstafanir hefðu verið láttnar ganga frammar rétti sjúklings til friðhelgi einkalífs og þagnarskyldu. Samkvæmt skýrsl-

3. gr. Bann við pyndingum

unni hafði kærandi aðeins hitt geðlækni einu sinni og virtist ekki stafa hætta af honum fyrir hann sjálfan eða aðra. Auk þess fékk hann reynslulausn frá afplánun. Það var því niðurstaða dómstólsins að ráðstafanirnar sem kærandi sætti hefðu verið í ósamræmi við öryggiskröfurnar. Dómstóllinn tók fram að þessar ráðstafanir hefðu vakið hjá kæranda tilfinningar um valdbeitingu, vanmátt og angist, sem fóru yfir mörk þess sem vænta mátti af lækniiskoðun fanga.

Dómstóllinn vísaði til þeirrar meginreglu, sem staðfest hefði verið í dómaframkvæmd laga- og réttarfarsráðsins, að öryggisráðstafanir þurfi að aðlaga í samræmi við ástand hvers fanga og taka yrði tillit til ákveðinna þátta, eins og hættu á flótta, heilsu viðkomandi fanga og upplýsinga í skráum um fangavistina sjálfa. Dómstóllinn tók einnig fram að Evrópunefndin um varnir gegn pyndingum hefði mælt með að lækni meðferð færi fram án viðveru fangavarda.

Dómstóllinn taldi að yfirvöldum hefði ekki tekist að sýna fram á að þvingunarráðstafanir sem kærandi sætti á leið til og frá spítalanum og meðan á lækniiskoðunum stóð, hefðu verið nauðsynlegar með tilliti til öryggiskrafna. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að þær öryggisráðstafanir, sem kærandi sætti meðan á lækniiskoðunum stóð ásamt viðveru fangavarda hefði falið í sér vanvirðandi meðferð sem brotið hefði gegn 3. gr. sáttmálans.

41. gr. Á grundvelli 41. gr. dæmdi dómstóllinn Frakkland til að greiða kæranda 6.000 evrur í miskabætur og 5.980 evrur í málskostnað.

Sufi og Elmi gegn Bretlandi

Dómur frá 28. júní 2011

Mál nr. 8319/07 og 11449/07

3. gr. Bann við pyndingum

Útlendingar. Hælisleitendur. Frestun brottvísunar.

1. Málsatvik

Kærendur, Abdisamad Adow Sufi og Abdiaziz Ibrahim Elmi, eru sómal-skir ríkisborgarar fæddir árin 1987 og 1969. Kærendur eru báðir í varðhaldi hjá breskum innflytjendayfirvöldum.

Sufi kom til Bretlands árið 2003 og sótti um hæli. Í umsókn sinni tók hann fram að hann tilheyrði minnihlutahópi í Sómalíu sem ofsóttur væri af uppreisnarher landsins. Faðir hans og systir hefðu bæði verið drepin af hersveitum uppreisnarmanna og sjálfur hefði hann hlotið alvarlega áverka í átökunum. Innflytjendayfirvöld höfnuðu umsókn hans og kæru hans var vísað frá þar sem frásögn hans af atburðum sem urðu til þess að hann flýði þótti ekki trúverðug.

Elmi kom til Bretlands árið 1988 og fékk tímabundið dvalarleyfi ári síðar. Árið 1993 fékk hann ótímabundið búsetuleyfi í landinu. Eftir að kærandi hafði verið dæmdur fyrir ýmis alvarleg afbrot tóku bresk yfirvöld þá ákvörðun að vísa honum úr landi.

Kærendur eiga það sameiginlegt að eiga báðir yfir höfði sér brottvísun frá Bretlandi en öllum áfrýjunum þeirra hefur ýmist verið hafnað eða vísað frá.

3. gr. Bann við pyndingum

Á grundvelli 39. gr. reglna Mannréttindadómstólsins fyrirskipaði dómstóllinn breskum yfirvöldum að fresta brottvísun kæranda þar til málið hefði hlotið efnislega meðferð.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur byggðu kæru sína á því að brotið væri gegn 2. og 3. gr. sáttmálans yrði þeim gert að snúa aftur til Sómalíu. Þeir héldu því fram að mikil hætta væri á að þeir yrðu drepnir þar eða sættu illri meðferð. Af þessum sökum mætti ekki fullnægja ákvörðunum breskra yfirvalda um að vísa þeim úr landi.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að vernd fyrir pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu ætti við án tillits til þess hversu alvarleg afbrot maður hefði framið. Hegðun eða brotaferill kæranda í Bretlandi skipti því engu með tilliti til þeirrar mannréttindaverndar sem þeim ætti að vera tryggð.

Dómstóllinn fjallaði almennt um og kannaði gögn um ástandið í Sómalíu og komst að þeirri niðurstöðu það hefði versnað mikið árin 2010 og 2011. Landið væri á barmi borgarastyrjaldar og allt að 20-50 almennir borgarar féllu í hverri viku í höfuðborginni Mogadishu en þar væri nær enginn öruggur. Dómstóllinn taldi ástandið í Mogadishu vera það slæmt að mikil hætta væri á því að þeir sem þangað færu sættu meðferð sem bryti gegn 3. gr. sáttmálans.

Þeir hælisleitendur sem sendir væru aftur til Sómalíu hefðu að mati dómstólsins litla sem enga möguleika á að aðlagast samfélaginu og komast hjá því að sæta illri meðferð. Jafnvel þótt einhverjir gætu komist frá höfuðborginni með hjálp ættingja eða vina biðu þeirra frekari hættur í sveitahéruðum landsins þar sem öfgatrúaðir skæruliðar réðu ríkjum. Þar væru refsingar á borð við grýtingar, hýðingar og aflimanir algengar. Þeir sem ekki hefðu fjölskyldu eða vinafólk til að reida sig á væru líklegir til að enda í flóttamannabúðum en ástandið þar væri það slæmt að það færi í bága við 3. gr. sáttmálans að senda menn þangað. Fram hafði komið að hvorugur kæranda átti fjölskyldu eða annað bakland í Sómalíu og miklar líkur taldar á því að yrði þeim gert að snúa þangað aftur myndu þeir annaðhvort lenda í klóm skæruliða eða í flóttamannabúðum. Með hliðsjón af þessu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að það væri brot á 3. gr. sáttmálans að senda kærendur aftur til heimalands síns.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Bretlandi gert að greiða Sufi 14.500 evrur og Elmi 7.500 evrur vegna málskostnaðar. Hvorugur kæranda fór fram á miska- eða skaðabætur.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Haidn gegn Þýskalandi

Dómur frá 13. janúar 2011

Mál nr. 6587/04

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Heimild til frelsissviptingar. Afplánun refsíðoms. Varðhald til að fyrirbyggja afbrot.

1. Málsvik

Kærandi, Albert Haidn, er þýskur ríkisborgari. Hann fæddist árið 1934 og dvelst nú á geðsjúkrahúsi í Bayreuth. Í mars árið 1999 var hann sakfelldur fyrir tvær nauðganir og dæmdur í þriggja og hálfis árs fangelsi. Í apríl 2002, þremur dögum áður en hann hafði lokið afplánun dómsins, úrskurðaði dómstóll hann í ótímabundið fangelsi. Ákvörðunin var reist á ákvæðum laga sem tóku gildi í janúar 2002 um meðferð sérlega hættulegra brotamanna. Dómstóllinn taldi, með vísan til skýrslna sálfræðinga og geðlækna, að veruleg hætta væri á að kærandi fremdi brot að nýju. Var vísað til þess að kærandi hefði neitað meðferð vegna þeirra andlegu vandamála sem kynferðisbrot hans voru rakin til. Einnig hefði hann staðfastlega neitað því, meðan á afplánun stóð, að hann hefði framið þau brot sem hann var sakfelldur fyrir. Því hefði öll meðferð verið tilgangslaus. Andlegt ástand kæranda var talið þess eðlis að hann gerði sér ekki grein fyrir því hversu brengluð viðhorf hann hefði til kynlífs. Áfrýjunardómstóll í Bæjaralandi staðfesti þessa niðurstöðu.

Í febrúar 2004 var mál kæranda tekið til meðferðar hjá þýska stjórnlagadómstólnum. Dómstóllinn taldi að löggjöfin, sem ákvörðunin byggðist á, samræmdest ekki stjórnarskrá Þýskalands þar sem þýsku sambandslöndin væru ekki bær til að samþykkja löggjöf um frelsissviptingu afbrotamanna. Dómstóllinn ákvað þó að lögin skyldu haldast í gildi fram í september 2004 þar sem mikilvægt væri að vernda almenning gegn afbrotamönnum, sem fullnægðu skilyrðum þeirra laga sem dómstóllinn hafði metið andstæð stjórnarskrá.

Áður en lögin féllu úr gildi úrskurðaði undirréttur í Bæjaralandi að kæranda skyldi sleppt úr fangelsi. Í kjölfarið var honum komið fyrir á geðdeild sem var hluti af dvalarheimili aldraðra og mátti ekki yfirgefa heimilið nema hann fengi til þess sérstakt leyfi. Í mars 2004 tók dómstóll ákvörðun um að vista hann á ný í varðhaldi þar sem sannað var að kærandi hefði endurtekið áreitt kynferðislega nokkrar gamlar konur. Hann var því færður aftur í fangelsi. Í júlí 2004 fyrirskipaði dómstóll á ný að kærandi skyldi vistaður á geðsjúkrahúsi.

Í júní 2005 úrskurðaði dómstóll enn á ný í máli kæranda. Var þá ákveðið, með vísan til ákvæðis hegningarlaga sem tók gildi í júlí 2004, að kærandi skyldi sviptur frelsi til að fyrirbyggja að hann bryti frekar af sér og að hann skyldi vist-
aður á geðsjúkrahúsi. Í júní 2007 var enn úrskurðað að kærandi skyldi sviptur

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

frelsi. Í úrskurðinum var vísað til annars hegningarlagaákvæðis sem veitti heimild til að svipta ósakhæfa einstaklinga frelsi sínu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 1. mgr. 5. gr. með því að svipta hann frelsi þrátt fyrir að hann hefði afplánað refsisdóm sinn að fullu. Hann hélt því einnig fram að frelssisviptingin, að því leyti sem henni var beitt til að fyrirbyggja frekari afbrot hans, hefði brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 5. gr.: Dómstóllinn féllst ekki á þau rök þýska ríkisins að afturvirk lagaheimild til frelssisviptingar kæranda hefði verið lögleg gæsla manns sem dæmdur hefði verið sekur af þar til bærum dómstól í skilningi a-liðar 5. gr. sáttmálans. Dómur í þeim skilningi væri dómur þess dómstóls sem fundið hefði sakborning sekan um að hafa framið tiltekið brot. Aftur á móti væri ákvörðun dómstóls um það hvernig fullnusta ætti dóm ekki dómur í skilningi þessa liðar. Þess vegna gæti einungis dómur í sakamáli kæranda frá mars 1999, þar sem kærandi var sakfelldur fyrir tvær nauðganir, fallið undir a-lið 5. gr. sáttmálans. Í þeim dómi hefði ekki verið kveðið á um að halda bæri kæranda til að fyrirbyggja frekari afbrot, enda hefði þá skort lagaheimild fyrir slíkri frelssisviptingu. Þess vegna hefði ekki verið nægjanlegt samband milli sakfellingar kæranda og þeirrar frelssisviptingar sem hann þurfti síðar að sæta til að hindra frekari afbrot hans.

Dómstóllinn taldi einnig að frelssisviptingin gæti ekki stuðst við c-lið 1. mgr. 5. gr. Yfirvöld hefðu talið að almenn hætta væri á að kærandi bryti af sér en ekki hefði legið fyrir bersýnileg hætta á tilteknu broti. Kærandi hefði ekki verið færður fyrir dómara né hann sakfelldur fyrir tilraun til brots.

Þýskir dómstólar höfðu byggt ákvarðanir sínar á hlutlægum læknisfræðilegum gögnum sem sýndu að kærandi var haldinn geðröskunum. Engu að síður var dómstóllinn ekki sannfærður um að sýnt hefði verið fram á raskanir í skilningi e-liðar 1. mgr. 5. gr. Í þýskum lögum var gerður greinarmunur á fyrirbyggjandi frelssisviptingu hættulegra glæpamanna og vistun geðsjúkra einstaklinga á geðsjúkrahúsum. Kæranda hefði upphaflega ekki verið komið fyrir á geðsjúkrahúsi samkvæmt viðeigandi hegningarlagaákvæði heldur var hann vistaður í fangelsi fram til júlí 2004.

Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Dómstóllinn féllst ekki á að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans. Kærandi lagði ekki fram kröfu um bætur innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 41. gr. sáttmálans.

Elsner gegn Austurríki

Dómur frá 24. maí 2011

Mál nr. 15710/07, 31805/07, 36230/07, 40937/07 17239/08 og 41402/08

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Handtaka. Málsmeðferð samkvæmt lögum. Gæsluvarðhald.

1. Málsatvik

Kærandi, Helmut Elsner, er austurrískur ríkisborgari, fæddur árið 1935 og býr í Vín. Á tíunda áratugnum var hann bankastjóri banka sem var í meirihlutaeigu austurríska verslunarsambandsins. Á þeim tíma stundaði bankinn áhættuviðskipti sem leiddu til mikils taps og næstum gjaldþrots árið 2000. Upplýsingar um þessi viðskipti voru gerð opinber í október 2005 þegar einn af fyrrverandi samstarfsaðilum bankans krafðist gjaldþrots. Sakamálarannsókn hófst gegn kæranda og nokkrum öðrum vegna gruns um fjársvik. Í september 2006 var hann handtekinn af frönsku lögreglunni þar sem hann bjó í Suður-Frakklandi. Samkvæmt handtökuskipuninni var rökstuddur grunur um að kærandi hefði framið brot í starf sem bankastjóri og með því verið valdur að því að bankinn tapaði meira en milljarði evra. Kærandi var ákærður í Austurríki í október 2006 fyrir fjársvik. Eftir að læknað höfðu staðfest að kærandi gæti ferðast heilsu sinnar vegna og franskir dómstólar heimilað framsal hans til Austurríkis var hann fluttur til Vínar 13. febrúar 2007 og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Í kjölfar þessa fór hann í hjartaaðgerð. Hann sat í gæsluvarðhaldi alla málsmeðferðina en í maí 2008 sakfelldi dómstóll hann fyrir fjársvik. Hæstiréttur staðfesti dóminn og dæmdi hann til sjö og hálfis árs fangelsisvistar í desember 2010.

Meðan á málsmeðferðinni stóð reyndi kærandi ítrekað að fá gæsluvarðhaldinu aflétt. Austurrískir dómstólar höfnuðu því ávallt með vísan til þess að hætta væri á því að hann yfirgæfi landið. Hann væri nægilega fjáður til að byrja nýtt líf í öðru landi, hann ætti yfir höfði sér langan fangelsisdóm yrði hann sakfelldur og hann hefði áður reynt að komast undan yfirheyrslum í Austurríki. Í janúar 2008 vísuðu þeir einnig frá kærú hans um að dómstóllinn hefði ekki uppfyllt skyldu sína um skjóta málsmeðferð með þeim rökum að málið væri sérstaklega flókið. Kærandi kærði ákvarðanir dómstóla átta sinnum til hæstaréttar en hæstiréttur hafnaði einnig kröfum hans.

Fjölmiðlar höfðu fjallað mikið um fjárhagserfiðleika bankans og meðferð málsins gegn kæranda. Vitnað var í nokkra austurríska stjórnámálamenn og opinbera embættismenn í fjölmiðlum um handtöku kæranda og málsmeðferðina. Fjármálaráðherra þess tíma, forseti Verslunarráðsins og forseti Alþýðusambandsins fögnuðu allir handtöku kæranda í september 2006.

2. Málsmeðferð fyrir Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn réttindum sínum samkvæmt 1. og 3. mgr. 5. gr. sáttmálans á þeim grundvelli að gæsluvarðhald, sem hann sætti, hefði verið

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

ólögmætt og óhóflega langt. Einnig kærði hann brot á 2. mgr. 6. gr. þar sem hann taldi að ummæli opinberra embættismanna jafngiltu því að lýst hefði verið yfir sekt hans án þess að hún væri sönnuð að lögum.

Niðurstaðan

Dómstóllinn benti á að allan tímann sem kærandi sat í gæsluvarðhaldi hefði gæsluvarðhaldið verið framlengt og heimilað af dómstólum í samræmi við kröfur sem lög Austurríkis gerðu um meðferð sakamála. Austurrískir dómstólar hefðu ekki farið út fyrir lögsögu sína þegar þeir dæmdu kæranda til gæsluvarðhalds og hefðu tekið gildar ákvarðanir samkvæmt lögum. Ekki hefði því verið sýnt fram á að brotið væri gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

3. mgr. 5. gr. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu, með tilliti til atvika sem lýst var í handtökuskipuninni, að rökstuddur grunur hefði verið um að kærandi hafi brotið af sér. Austurrískir dómstólar hefðu stutt úrskurði um gæsluvarðhald þeim rökum að hætta væri á því að kærandi myndi flýja. Þeir hefðu skoðað málið vandlega og lagt mat á mögulegar ástæður kæranda til að flýja og endurskoðað ítrekað hvort sú hætta væri enn til staðar. Dómstóllinn var sammála austurrískum dómstólum um að þótt kærandi hefði verið á gjörgæsludeild í kjölfar hjartaaðgerðar hefði það ekki útilokað alla hættu á því að hann myndi flýja.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að austurrískir dómstólar hefðu ekki brugðist þeirri skyldu sinni að sakamál kæranda fengi vandaða málsferð. Málið hefði verið sérstaklega flókið vegna eðlis ákæranna, fjölda sakborninga og nauðsynjar á því að fá sérfræðiálit um starfsemi bankans bæði í Austurríki og erlendis. Á þeim tíma hefði kærandi sætt gæsluvarðhaldi á grundvelli opinberrar rannsóknar sem hann og samstarfsaðilar hans sættu. Dómsmálið hófst í júlí 2007 og eftir meira en 100 skýrslugjafir fyrir dómi var fyrsti dómurinn kveðinn upp í maí 2008.

Langd gæsluvarðhalds kæranda gat því talist eðlileg og rökstuðningur fyrir því var fullnægjandi. Því var ekki brotið gegn 3. mgr. 5. gr. í máli kæranda.

2. mgr. 6. gr. Dómstóllinn tók mið af þeim rökum austurrískra yfirvalda að kærandi hefði ekki tæmt austurrísk réttarúrræði að því er varðar kæru hans samkvæmt 2. mgr. 6. gr. Hann hefði þannig ekki neytt þeirra úrræða sem honum voru tiltæk samkvæmt austurrískum fjölmiðlalögum, sem mæla fyrir um rétt til bóta fyrir brot á meginreglunni um sakleysi uns sekt er sönnuð. Dómstóllinn taldi að þau úrræði væru vel til þess fallin að leita leiðréttingar á fullyrðingum sem brytu gegn 2. mgr. 6. gr. Dómstóllinn taldi kæru vegna brots á 2. mgr. 6. gr. ekki tæka til efnismeðferðar af þessum ástæðum og vísaði henni frá.

S.T.S. gegn Hollandi

Dómur frá 7. júní 2011

Mál nr. 277/05

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Úrlausn um lögmæti frelsissviptingar. Málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, S.T.S., er hollenskur ríkisborgari, fæddur árið 1988, búsettur í Groningen. Frá árinu 2001 höfðu hollensk barnaverndaryfirvöld mál kæranda til meðferðar en hann átti við hegðunarvandamál að stríða, hafði flosnað upp úr skóla og framið fjölda glæpa. Árið 2002 mælti dómstóll fyrir um að kærandi skyldi vera undir umsjón barnverndaryfirvalda í Groningen í eitt ár. Þrjá mánuði þess tíma skyldi kærandi vistaður á lokaðri stofnun. Vistun kæranda á stofnuninni var framlengd ítrekað þrátt fyrir mótmæli hans og óskir um að fá að dvelja annaðhvort hjá föður sínum eða ömmu.

Þann 17. september 2003 úrskurðaði dómari að vistun kæranda skyldi framlengd í eitt ár í viðbót, frá og með 9. október sama ár. Áfrýjunardómstóll stytta vistunartíma hans í hálf ár. Kærandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar Hollands en áfrýjun hans var vísað frá dómi þar sem sex mánuðir væru liðnir og hann hefði því ekki hagsmuni af því að fá niðurstöðu. Að vistunartíma kæranda liðnum úrskurðaði dómari á ný að kærandi skyldi vistaður á stofnuninni. Það var ekki fyrr en árið 2006, þegar kærandi hafði náð 18 ára aldri, að hann losnaði af stofnuninni en hann hafði þá gert margar tilraunir til að fá vistunartíma sinn styttnan.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að tafir sem urðu á meðferð málsins fyrir hollenskum dómstólum hefðu verið það miklar að réttarúrræðin vegna frelsissviptingar þjónuðu ekki tilgangi sínum. Með þessu væri brotið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Með hliðsjón af fjölda gagna og vitnisburða sem þurfti að afla í máli kæranda taldi dómstóllinn að lengd á meðferð máls kæranda fyrir héraðsdómi Groningen, 63 dagar, hefði verið hæfileg. Það hafði hins vegar tekið hæstarétt landsins alls 294 daga að komast að niðurstöðu í máli kæranda. Að mati dómstólsins var það óhóflegur langur málsmeðferðartími. Hver sem væri orsök tafanna var það ófrávíkjanleg skylda aðildarríkja Evrópuráðsins að sjá til þess að réttarkerfi sín væru þannig úr garði gerð að þau uppfylltu kröfur sáttmálans. Dómsmálayfirvöldum bæri að sjá til þess að mál um mikilvæga hagsmuni, á borð við lögmæti frelsisskerðingar, væru afgreidd með hraði. Þær miklu tafir

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

sem orðið höfðu á meðferð máls kæranda fólu því að mati dómstólsins í sér brot á 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn lagði því næst mat á skilvirkni þeirra réttarúrræða sem kæranda stóðu til boða. Kærandi hafði áfrýjað máli sínu til hæstaréttar rúnum þremur og hálfum mánuði áður en 6 mánaða vistun hans átti að ljúka. Engin haldbær rök höfðu verið færð fyrir því að dómstóllinn hefði ekki getað komist að niðurstöðu innan þessa tímaramma. Þótt vistunartími kæranda væri liðinn hafði hann engu að síður hagsmuni af því að fá efnisdóm í málinu enda gat slíkur dómur verið grundvöllur skaðabótakröfu síðar meir. Sú ákvörðun hæstaréttar að vísa máli hans frá fól því að mati dómstólsins í sér annað brot á 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var hollenska ríkinu gert að greiða kæranda 2.000 evrur í miskabætur.

Adamov gegn Sviss

Dómur frá 21. júní 2011

Mál nr. 3052/06

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Varðhald. Krafa um framsal. Friðhelgi vitna.

1. Málsatvik

Kærandi, Yevgeni Adamov, er rússneskur ríkisborgari, fæddur árið 1939 og búsettur í Moskvu. Árið 2004 hófu bandarísk yfirvöld rannsókn á meintum fjárdrætti hans úr bandarískum sjóðum en brotin átti hann að hafa framið þegar hann var kjarnorkumálaráðherra Rússlands. Þann 11. febrúar 2005 fékk kærandi útgefna vegabréfsáritun til að ferðast til Sviss þar sem hann hugðist heimsækja dóttur sína. Þann 22. febrúar sama ár hófu svissnesk yfirvöld rannsókn á peningabætti sem dóttir kæranda var grunuð um. Þar sem meint brot vörðuðu fé sem ætlað var að dóttirin hefði fengið frá föður sínum var hann kallaður til skýrslutöku. Við rannsókn málsins höfðu svissnesk yfirvöld samband við bandarísk yfirvöld. Þegar bandarísk yfirvöld komust að því að kærandi væri í Sviss fóru þau fram á að hann yrði handtekinn á grundvelli framsalssamnings ríkjanna tveggja. Þann 2. maí 2005 kom kærandi fyrir dómara til að bera vitni í refsimálinu gegn dóttur hans. Að því loknu var hann handtekinn vegna fyrirhugaðs framsals hans til Bandaríkjanna. Kærandi kærði handtökuna til dómstóls Sviss 17. maí 2005 og sama dag fóru rússnesk yfirvöld fram á að hann yrði framseldur til Rússlands. Dómstóllinn féllst á að handtökuskipunin og fyrirhugað framsal hans væri ólögmat þar sem hann hefði komið til Sviss til þess að bera vitni í máli og þar með væri svissneskum yfirvöldum óheimilt að handtaka hann og framselja. Dómsmálaráðuneyti landsins kærði þessa niðurstöðu til áfrýjunardómstóls og hélt því fram að þar sem kærandi hefði komið

til landsins í einkaerindum en ekki til að bera vitni í dómsmáli ættu ákvæði um friðhelgi vitna ekki við.

Kærandi var haldið í varðhaldi til 30. desember 2005 en þá úrskurðaði dómstóllinn að framsalskrafta Rússlands hefði forgang og því bæri að fram-selja hann aftur til heimalands síns. Þann 6. desember 2007 var skaðabótakröfu kærandi vegna ólögmætrar frelsisskerðingar vísað frá svissneskum dómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi hélt því fram að þar sem hann hefði komið til Sviss til þess að bera vitni hefði hann átt að njóta friðhelgi. Honum hefði hins vegar verið gert að sæta ólögmætu varðhaldi og með því hefði Sviss brotið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn féllst á að þrátt fyrir að varðhald kærandi hefði verið vegna fyrirhugaðs framsals hans til Bandaríkjanna félli það engu að síður undir 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Sú staðreynd að kærandi hefði að lokum verið fram-seldur til Rússlands en ekki Bandaríkjanna skipti engu máli að þessu leyti.

Dómstóllinn taldi kærandi ekki geta borið fyrir sig friðhelgi. Kærandi hafði í vitnaskýrslu sinni fyrir dómi borið því við að hann hefði ekki ferðast til Sviss í þeim tilgangi að gefa skýrslu í máli dóttur sinnar. Þar kom jafnframt fram að hann hefði sjálfur ákveðið að koma til landsins til að heimsækja dóttur sína. Auk þess höfðu svissnesk yfirvöld ekki formlega boðað kærandi til að bera vitni fyrr en eftir að hann kom til landsins og var beiðnin afhent honum á heimili dóttur hans. Dómstóllinn féllst því á þær röksemdir svissneskra yfirvalda að kærandi hlyti að hafa gert sér grein fyrir áhættunni af því að ferðast til Sviss eftir að ákærur höfðu verið gefnar út á hendur honum í Bandaríkjunum.

Dómstóllinn taldi hvorki hafa verið sýnt fram á að svissnesk yfirvöld hefðu hagað máli kærandi með annarlegum hætti né að brotið hefði verið gegn rétti hans eða friðhelgi. Aðgerðir yfirvalda hefðu þjónað þeim lögmæta tilgangi að uppfylla skyldur landsins samkvæmt tvíhliða samningum við önnur ríki. Dómstóllinn taldi því ekki að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Þeir dómarmar skilufu séráliti með annarri niðurstöðu.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Paksas gegn Litháen

Dómur frá 6. janúar 2011

Mál nr. 34932/04

Sjá reifun dómsins undir 3. gr. 1. viðauka

Réttur til að bjóða sig fram í kosningum. Sjálfstæður og óvilhallur dómstóll.

Bok gegn Hollandi

Dómur frá 18. janúar 2011

Mál nr. 45482/06

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Saklaus uns sekt er sönnuð. Bætur í kjölfar sýknudóms.

1. Málsatvik

Kærandi, Johan Bok, er hollenskur ríkisborgari, fæddur árið 1941 og býr í Rotterdam. Árið 1997 var hann sakfelldur af dómstól í refsímáli fyrir ýmis brot tengd skipulagðri glæpastarfsemi. Kærandi áfrýjaði dómnum og var sýknaður á efra dómstigi. Niðurstaða áfrýjunardómstóls um sýknu var reist á því að ákærvaldinu hefði ekki tekist að sanna sekt kæranda. Honum var greiddur helmingur þess málskostnaðar, sem hann krafði ríkið um, auk söluandvirðis bifreiðar hans sem hafði verið gerð upptæk.

Í kjölfar sýknudómsins höfðaði kærandi mál til heimtu skaðabóta gegn hollenska ríkinu. krafðist hann miskabóta og bóta vegna fjártjóns. Var ríkið sýknað af kröfum kæranda og vísað til þeirra lagaskilyrða að bætur væru því aðeins greiddar vegna sakamálarannsóknar eða útgáfu ákæru, ef málsmeðferð reynist andstæð lögum, verulega skorti á að skilyrði standi til aðgerðanna eða hægt sé að meta aðstæður síðar þannig að óréttlætanlegt hefði verið að grípa til rannsóknar eða ákærumeðferðar gagnvart viðkomandi sakborningi. Talið var að ekkert af þessum atriðum ætti við um mál kæranda. Bent var á að rannsóknardómari hefði komist að þeirri niðurstöðu að rökstuddur grunur væri um að kærandi hefði framið þau brot, sem honum voru gefin að sök, dómstóll hefði talið þær rannsóknaraðgerðir sem gripið var til lögmetar enda hefði rökstuddur grunur verið til staðar í máli kæranda og loks hefði áfrýjunardómstóll talið að rannsóknaraðferðir hefðu verið í samræmi við lög. Áfrýjunardómstóll staðfesti niðurstöðu undirréttar í skaðabótamáli kæranda og vísaði til dómaforðæma æðsta dómstigs.

2. Meðferð málsins fyrir Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn 2. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem ekki hefði verið fallist á bótakröfu hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að 2. mgr. 6. gr. veitti sakborningi ekki rétt til að fá málskostnað sinn greiddan til baka þótt mál yrði fellt niður eða hann sýknaður. Hins vegar hefði dómstóllinn talið það fela í sér brot gegn sáttmálanum ef ástæðan þess sakborningur fengi málskostnaðinn ekki greiddan í slíkum tilvikum væri að dómstóll teldi viðkomandi í raun og veru hafa framið brotin þótt sekt væri ekki sönnuð að lögum. Einnig hefði dómstóllinn talið að aðildarríki hefðu brotið gegn 2. mgr. 6. gr. ef sakborningar í slíkum tilvikum höfðuðu síðar bótamál þar sem kröfum þeirra væri hafnað með rökstuðningi sem gengi gegn fyrri niðurstöðum dómstóla um sýknu.

Dómstóllinn taldi að máli skipti í tilviki kæranda að hann hefði fengið málskostnað sinn endurgreiddan í samræmi við mat hollenskra dómstóla. Ekki væri ósanngjarnt að kærandi þyrfti að sanna að engin ástæða hefði verið til að gruna hann um þau brot sem honum voru gefin að sök. Þótt kærandi hefði verið sýknaður af ákæru leysti það hann ekki undan þeirri skyldu að færa sönnur á að bótaskylda ríkisins hefði stofnast í samræmi við reglur einkamálaréttarfars Hollands. Hollenskum dómstólum var því rétt að meta hvort kærandi hefði lagt fram nægar sannanir til stuðnings skaðabótakröfu sinni. Dómstóllinn átaldi að í dómi hollenska áfrýjunardómstólsins hefðu fallið óheppileg ummæli þar sem gefið var til kynna að ekki hefði verið sýnt fram á sakleysi kæranda. Ummælin hefðu verið óþörf en markmið þeirra hefði sýnilega verið að útskýra að kærandi hefði þurft að leggja fram frekari sannanir í bótamáli sínu gegn ríkinu og af hverju. Í ljósi þessa var talið að ekki hefði verið brotið gegn 2. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Tveir dómáramar skiluðu hvor sínu sératkvæðinu þar sem komist var að sömu niðurstöðu. Einn dómari skilaði séráliti með annarri niðurstöðu.

Payet gegn Frakklandi

Dómur frá 20. janúar 2011

Mál nr. 19606/08

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Afplánun refsisdóms. Öryggisráðstafanir. Agaviðurlög.

Sporer gegn Austurríki

Dómur frá 3. febrúar 2011

Mál nr. 35637/03

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Börn. Meðferð dómsmáls um forsjá.

RTBF gegn Belgíu

Dómur frá 29. mars 2011

Mál nr. 50084/06

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Fjölmiðlar. Útsending sjónvarpsefnis. Lögban. Lagaheimild fyrir takmörkun tjáningarfrelsis.

Sabeh El Leil gegn Frakklandi

Dómur frá 29. júní 2011 - Yfirdeild

Mál nr. 34869/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til aðgangs að dómstólum. Friðhelgi sendiráða. Þjóðréttarvenjur.

1. Málsatvik

Kærandi, Sabeh El Leil, er franskur ríkisborgari. Hann starfaði sem endurskoðandi í kúveiska sendiráðinu í París frá árinu 1980 þar til honum var sagt upp vegna hagræðingar í rekstri sendiráðsins árið 2000. Í kjölfar uppsagnarinnar höfðaði kærandi mál fyrir vinnuréttardómstól Parísar og fór fram á bætur. Í nóvember árið 2000 voru honum dæmdar skaðabætur að fjárhæð 82.224 evra vegna ölögmætrar uppsagnar. Kærandi var ósáttur við þá fjárhæð og áfrýjaði því dómnum. Áfrýjunardómstóll vísaði málinu frá þar sem talið var að sendiráð Kúveit nyti friðhelgi og því væri ekki hægt að höfða mál á hendur því fyrir dómstólum í Frakklandi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi hélt því fram að hann hefði ekki notið réttar til aðgangs að dómstólum þar sem dómstólar hefðu komist að þeirri niðurstöðu að fyrrum vinnuveitandi hans nyti friðhelgi. Með þessu hefði verið brotið gegn 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Deild dómstólsins vísaði málinu til yfirdeildar þann 9. desember 2008. Hvorugur málsaðila mótmælti þeirri ákvörðun.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til fordæma sinna og taldi að 6. gr. sáttmálans ætti við í þessu máli. Máli kæranda hefði verið vísað frá dómi á grundvelli friðhelgi sendiráða og af þeim sökum gæti hann ekki leitað réttar síns fyrir dómstólum.

Dómstóllinn áréttaði að friðhelgi ríkja grundvallaðist á þjóðréttarlegum skuldbindingum og hefði það markmið að efla vinsamleg samskipta þjóða með tilliti til fullveldis þeirra. Hins vegar hefði verið dregið úr afdráttarlausri friðhelgi ríkja með samþykkt Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um friðhelgi ríkja og eigna þeirra, frá árinu 2004. Samkvæmt sáttmálanum tæki friðhelgi sendiráða

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

ekki til starfssamninga þeirra við starfsmenn og mál sem kæmu upp vegna þeirra. Kærandi var hvorki sendierindreki né kúveiskur ríkisborgari. Þá ógnaði málareksturinn á engan hátt öryggishagsmunum Kúveit. Þótt sáttmálinn hefði ekki verið fullgiltur í Frakklandi þá hefði hann verið undirritaður af hálfu franskra stjórnvalda og ákvæði hans væru að miklu leyti bindandi þjóðréttarvenjur fyrir franska ríkið.

Dómstóllinn taldi að með frávísun á máli kæranda hefði honum verið meinað um aðgang að réttlátri málsmeðferð fyrir dómstólum og með því hefði ríkið brotið gegn 6. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Frakklandi gert að greiða kæranda 60.000 evrur í bætur og 16.768 evrur vegna málskostnaðar.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Haas gegn Sviss

Dómur frá 20. janúar 2011

Mál nr. 31322/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Réttur til að taka eigið líf. Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærandi, Ernst G. Haas, er svissneskur ríkisborgari, fæddur árið 1953 og býr í Meltingen í Sviss. Hann hefur þjáðst af alvarlegum sjúkdómi í u.þ.b. tuttugu ár og vill af þeim sökum binda enda á líf sitt. Kærandi hefur tvisvar sinnum reynt að svipta sig lífi án árangurs. Í kjölfar þess reyndi hann að verða sér úti um tiltekið lyf, sodium pentobarbital, sem myndi gera honum unnt að enda líf sitt með fljótvirkum, öruggum og virðulegum hætti. Lyfið er lyfseðils-skylt og neituðu lækna að ávísa því til hans.

Í júlí árið 2005 fór kærandi þess á leit við yfirvöld að þau útveguðu honum lyfið án lyfseðils. Hann hélt því fram að á yfirvöldum hvíldi jákvæð skylda á grundvelli 8. gr. sáttmálans til að gera honum kleift að binda enda á líf sitt án áhættu og sársauka. Yfirvöld höfnuðu málaleitan kæranda og var sú niðurstaða staðfest af stjórnsludómstól. Hæstiréttur Sviss komst að þeirri niðurstöðu að í málinu reyndi ekki á rétt borgaranna til þess að fá að svipta sig lífi heldur rétt þeirra til að fá til þess aðstoð ríkisins eða þriðja aðila. Síðarnefndu réttindin væri ekki hægt að leiða af sáttmálanum.

2. Meðferð málsins fyrir Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á 8. gr. sáttmálans og hélt því fram að brotið hefði verið á rétti hans til að fá að binda enda á líf sitt á öruggan hátt með virðingu með því að neita honum um að fá framangreint lyf í þessu skyni.

Niðurstaða

Dómstóllinn féllst á að réttur einstaklings til að ákveða hvenær og hvernig hann vildi binda enda á líf sitt væri hluti af rétti til einkalífs. Ekki var fallist á að kærufni málsins félli innan þessara réttinda þar sem kæran laut að því að ríkið bæri jákvæða skyldu til að liðsinna kæranda við að taka líf sitt með tilteknum hætti.

Dómstóllinn rakti að ekki væru samræmd viðhorf í aðildarríkjunum um hvert væri inntak réttar borgarans til að binda enda á líf sitt. Í Sviss væri aðstoð við sjálfsvíg aðeins refsinaem ef sýnt væri að hún væri byggð á eigingjörnum hvötum. Meirihluti ríkja virtist aftur á móti leggja meiri áherslu á að vernda

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

líf borgarans heldur en rétt hans til að enda líf sitt. Af þessum sökum hefðu aðildarríkin vítt svigrúm til mats um hvernig þau höguðu reglum um efnið.

Dómstóllinn taldi að þótt kærandi hefði óskað þess að geta endað líf sitt með tilteknum hætti væri lögmætt markmið að baki takmörkunum á aðgengi að lyfinu sem hann ásældist, sem væri að sporna við því að fólk tæki vanhugsaðar skyndiákvæðanir um svo mikilvægt málefni og að lyfið yrði misnotað. Þetta var sérstaklega talið eiga við í ríki eins og Sviss þar sem heimilt væri að aðstoða við sjálfsvíg.

Dómstóllinn taldi að ekki mætti vanmeta þá hættu sem skapaðist þegar löglegt væri að aðstoða mann við sjálfsvíg. Á aðildarríkjunum hvíldi beinlínis sú skylda að setja ákveðnar skorður við því að maður gæti tekið eigið líf og skera þyrfti úr um hvort viðkomandi væri raunverulega bær til þess að taka slíka ákvörðun. Það fyrirkomulag, sem gildi í Sviss, var talið vera í samræmi við þetta. Einstaklingur sem vildi enda líf sitt varð að fá mat sérfræðings á andlegu ástandi sínu og loks fá umræddu lyfi ávísað af sérfræðingi. Dómstóllinn taldi ekki útséð um það í máli kæranda hvort hann gæti fengið liðsinni sérfræðinga til að enda líf sitt. Í ljósi alls þessa taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Payet gegn Frakklandi

Dómur frá 20. janúar 2011

Mál nr. 19606/08

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Áflánun refsidóms. Öryggisráðstafanir. Agaviðurlög.

Sporer gegn Austurríki

Dómur frá 3. febrúar 2011

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Börn. Meðferð dómsmáls um forsjá.

M gegn Sviss

Dómur frá 26. apríl 2011

Mál nr. 41199/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útgáfa vegabréfs. Réttur til að ganga í hjúskap.

1. Málsatvik

Kærandi, M, er svissneskur ríkisborgari. Hann fæddist árið 1942 og hefur búið um nokkurt skeið í Taílandi. Hann býr þar með taílenskum ríkisborgara. Saman eiga þau tvö börn en sambýliskona kæranda á sjálf þrjú börn. Kærandi fær greiddar örorkubætur frá svissneskum stjórnvöldum.

Í október 2004 óskaði kærandi eftir endurnýjun á vegabréfi sínu en það var nauðsynlegt til að hann gæti gifst sambýliskonu sinni. Svissneska sendiráðið í

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Taílandi hafnaði því að endurnýja vegabréfið með vísan til þess að kærandi væri eftirlýstur fyrir fjársvik í Sviss og þess vegna þyrfti hann að fara þangað til að fá vegabréfið endurnýjað. Kærandi hafði bent á að heilsufar hans væri bágborið og gæti hann því ekki farið flugleiðis til Sviss. Sendiráðið taldi aftur á móti að kærandi hefði ekki sýnt fram á að aðrar leiðir væru honum ófærar til ferðalaga.

2. Meðferð málsins fyrir Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans þar sem ákvörðun svissneskra yfirvalda hefði veruleg áhrif á einkalíf hans og fjölskyldulíf. Honum hefði verið gert ómögulegt að ganga í hjúskap í Taílandi. Loks hefði ákvörðunin staðið í vegi fyrir því að hann gæti lagst inn á spítala fyrir skurðaðgerð.

Niðurstaða

Um mat á því hvort skerðing friðhelgi einkalífs og fjölskyldu kæranda hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi tók dómstóllinn fram að kæranda hefði verið ljóst að hann væri grunaður um fjársvik í Sviss og að hann hefði viljandi komið sér undan saksókn með því að flytja til Taílands. Aðildarríkin hefðu vítt svigrúm til mats á því hvort nauðsynlegt væri að saksækja fólk fyrir glæpi eða ekki og til hvaða rannsóknar- og saksóknaraðferða gripið væri af því tilefni. Svissnesk yfirvöld hefðu rökstutt af hverju nauðsynlegt væri að kærandi kæmi til Sviss, en það væri til þess að hægt væri að fjalla um mál hans. Jafnframt hefðu þau sýnt fram á að þau gögn sem kærandi framvísaði um heilsufar sitt leiddu ekki í ljós að hann gæti ekki ferðast til Sviss. Dómstóllinn vísaði einnig til þess að þau úrræði sem gripið hafði verið til gegn kæranda voru vægari en önnur úrræði sem svissneskum yfirvöldum stóðu til boða til að bregðast við stöðunni. Til dæmist hefðu þau getað gefið út alþjóðlega handtökuskipun á hendur kæranda sem hefði leitt til þess að hann hefði verið fangelsaður þar í landi. Í ljósi meðferðar svissneskra yfirvalda á máli kæranda og þeirra hagsmuna, sem almenningur hefði af því að glæpamenn sættu refsingu fyrir brot sín, var talið að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans gagnvart kæranda.

Mosley gegn Bretlandi

Dómur frá 10. maí 2011

Mál nr. 48009/08

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs

Fjölmíðlar. Skylda til að tilkynna um birtingu efnis.

1. Málsatvik

Kærandi, Max Rufus Mosley, er breskur ríkisborgari, fæddur árið 1940 og býr í Mónakó. Hann var áður formaður Alþjóðabifreiðasambandsins sem er

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

samband bifreiðasamtaka og bifreiðaeigenda um allan heim og stendur fyrir kappakstursmótaröðinni Formúla 1.

Í mars 2008 birti sunnudagsblað *News of the World* forsíðugrein með titlinum „Yfirmaður F1 í ógeðslegu nasistakynsvalli með fimm vændiskönum“. Nokkrar síður í blaðinu voru lagðar undir umfjöllun um efnið ásamt ljósmyndum teknum úr myndbandi sem einn þátttakandi í kynlífisathöfnunum hafði tekið á laun. Nokkrir kaflar úr myndbandinu, ásamt fleiri ljósmyndum, voru einnig birtir á heimasíðu dagblaðsins og birtust einnig víða á netinu.

Mosley kærði dagblaðið 4. apríl 2008 fyrir brot á friðhelgi einkalífs. Einnig krafðist hann lögbanns á myndbandið á heimasíðu blaðsins.

Dómstóll hafnaði lögbannskröfu kæranda 9. apríl 2008 með vísan til þess að efnið væri ekki lengur einkamál því það hefði verið birt víða á prenti og á netinu. Aftur á móti taldi dómstóllinn að ljósmyndirnar fælu ekki í sér vísbendingar um tengsl við nasisma. Birting þeirra til umfjöllunar um kæranda yrði ekki réttlætt með vísan til almannahagsmuna og var því talið brotið á rétti kæranda til einkalífs. Dómstóllinn dæmdi blaðið til greiða kæranda 60.000 sterlingspund í skaðabætur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn réttindum sínum samkvæmt 8. og 13. gr. sáttmálans og að hann væri enn þolandi brots þrátt fyrir bætur sem honum voru dæmdar. Hann taldi brotið felast í því að þar sem blaðið hafði enga lagaskyldu til að tilkynna honum um fyrirhugaða birtingu greinarinnar og myndanna átti hann þess engan kost að krefjast lögbanns áður en birtingin fór fram.

Niðurstaðan

Breska ríkið hélt því fram að kærandi væri ekki lengur þolandi brots í skilningi sáttmálans þar sem hann hefði fengið 60 þúsund sterlingspund í skaðabætur og 420 þúsund sterlingspund í lögfræðikostnað frá dagblaðinu í samræmi við niðurstöðu breskra dómstóla. Kærandi hélt því fram að hann héldi stöðu brotþola því skaðabæturnar, sem hann fékk fyrir brot á friðhelgi einkalífs, hefðu ekki fært honum einkalíf sitt aftur eftir að milljónir manna höfðu séð hið niðurlægjandi efni um sig.

Dómstóllinn taldi að kærandi væri enn þolandi brots og benti jafnframt á að hann hefði ekki fengið úrlausn á kröfu sinni um að skortur á lagaskyldu til að tilkynna fyrirfram um einkalífsumfjöllun, fæli í sér brot á friðhelgi einkalífs.

Dómstóllinn vísaði til þeirrar niðurstöðu breskra dómstóla að engir almannahagsmunir hefðu réttlætt birtingu greinarinnar og að kæranda voru dæmdar bætur. Þar sem kæranda var dæmt í hag, mat dómstóllinn jafnvægið á milli friðhelgi einkalífsins og tjáningarfrelsisins í víðara samhengi. Ljóst væri að samkvæmt sáttmálanum var breskum stjórnvöldum skylt, ekki aðeins að skipta sér ekki af einkalífi kæranda, heldur einnig að grípa til aðgerða til að tryggja

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

réttindi hans. Leysa þyrfti úr því hvort sú skylda hvíldi á ríkinu að binda í lög skyldu fjölmiðla til að tilkynna fyrirfram um birtingu efnis með umfjöllun um einkalíf manna.

Dómstóllinn tók fram að hann hefði byggt á því í dómaframkvæmd sinni að skaðabætur vegna meiðyrða veittu nægar bætur fyrir brot dagblaða á friðhelgi einkalífs. Hann tók síðan fram að aðildarríkjunum væri veitt svigrúm til mats á því til hvaða aðgerða þau gripu til að tryggja friðhelgi einkalífs borgaranna. Dómstóllinn lagði einnig áherslu á það að allar takmarkanir á frelsi til að miðla upplýsingum krefðust vandlegrar athugunar.

Breska ríkið hefði gripið til ýmissa ráðstafana til að vernda einkalíf fólks. Fjölmiðlar hefðu sitt eigið innra eftirlit, almenningur gæti krafist skaðabóta fyrir dómstólum, og hefði einstaklingur vitneskju um fyrirhugaða birtingu efnis sem snerti einkalíf hans, gæti hann farið fram á lögban til að stöðva birtingu. Auk þessa hefði þingið nýlega rannsakað samhengi milli friðhelgis einkalífs og tjáningarfrelsis í samvinnu við ýmsa hagsmunaaðila. Í skýrslu sem gerð var um efnið hefði verið hafnað kröfunni um að koma á tilkynningarskyldu fyrirfram.

Að teknu tilliti til þeirra fælingaráhrifa sem tilkynningarskylda fyrirfram gæti haft í för með sér fyrir fjölmiðla, efasemda um skilvirkni hennar og þess mikla svigrúms sem breska ríkið hefði á þessu sviði, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að 8. gr. legði ekki þá skyldu á aðildarríki að setja reglur um tilkynningarskyldu fjölmiðla vegna birtingar á efni um einkalíf manna. Var því ekki talið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Osman gegn Danmörku

Dómur frá 14. júní 2011

Mál nr. 38058/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Dvalarleyfi. Ólögráða einstaklingur. Fjölskyldulíf.

1. Málsatvik

Kærandi, Sahro Osaman, er sómalskur ríkisborgari og fæddist árið 1987 í Sómalíu. Hún fékk dvalarleyfi í Danmörku árið 1994 og flutti hún í kjölfarið til landsins en faðir hennar og systir höfðu fengið þar hæli. Frá 7 til 15 ára aldurs bjó kærandi í Danmörku. Hún sótti þar skóla og talaði dönsku. Árið 2003 sendi faðir hennar hana til Kenía, gegn hennar vilja að hennar sögn. Þar sá hún um umönnun ömmu sinnar sem dvaldi í flóttamannabúðum þar í landi.

Árið 2005 þegar kærandi var 17 ára og því enn ólögráða sótti hún um að fá að sameinast fjölskyldu sinni á ný í Danmörku. Þann 21. desember 2006 tilkynntu dönsk útlendingayfirvöld kæranda að dvalarleyfi hennar væri útrunnið með vísan til 17. gr. hælisleitendalöggjafar landsins. Útlendingayfirvöld litu svo á að engar sérstakar aðstæður væru fyrir hendi sem réttlættu það að endurnýja dvalarleyfi hennar á grundvelli 9. kafla hælisleitendalöggjafarinnar. Þessum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

hluta löggjafarinnar hafði verið breytt í júlí 2004 eftir að kærandi yfirgaf Danmörku. Eftir breytingar gátu nú aðeins börn yngri en 15 ára fengið að sameinast fjölskyldum sínum án þess að þurfa að sækja um sérstakt leyfi þess efnis. Ástæðan að baki þessum breytingum var að reyna að hindra að foreldrar af erlendu bergi brotnu sendu börn sín úr landi til að þau fengu uppeldi í samræmi við siði þeirra og venjur. Löggjöfin átti að stuðla að því börn erlendra foreldra dveldu í Danmörku á mótunarárum sínum. Ákvörðun útlendingayfirvalda um að endurnýja ekki landvistarleyfi kæranda var kærð til Hæstaréttar Danmerkur en vísað frá þann 19. janúar 2008.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ákvörðun útlendingayfirvalda um að hafna beiðni hennar um að endurnýja dvalarleyfi bryti gegn 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði í upphafi að með því að synja kæranda um endurnýjun á dvalarleyfi hennar í Danmörku hefði bæði einkalíf hennar og fjölskyldulíf verið skert. Hún hefði verið ólöggráða þegar hún sótti um að fá að sameinast fjölskyldu sinni í Danmörku og samband hennar við foreldra sína og aðra fjölskyldumeðlimi hefði verið þáttur í fjölskyldulífi hennar.

Álitaefnið laut að því hvort dönskum yfirvöldum hefði borið skylda til að endurnýja dvalarleyfi kæranda eftir að hún hafði dvalið í tvö ár erlendis. Dómstóllinn leit til þess að kærandi hafði búið í Danmörku á mótunarárum sínum, hún talaði dönsku, hafði sótt skóla þar í landi og átti þar náin fjölskyldutengsl. Kærandi hélt því fram að dönskum yfirvöldum hefði borið að vernda hagsmuni hennar og að sú ákvörðun föður hennar að senda hana til Kenía hefði augljóslega farið gegn hennar hagsmunum. Dómstóllinn tók fram að ákvörðun aðildarríkis um að endurnýja ekki landvistarleyfi einstaklings í sambærilegri stöðu og kærandi þyrfti að styðjast við veigamikil rök. Henni var ekki vísað úr landi fyrir að hafa framið glæp eða afbrot heldur byggðist ákvörðunin eingöngu á formsatriði, þ.e.a.s. því að dvalarleyfi hennar var útrunnið. Kærandi hafði stöðugt haldið því fram að það hefði ekki verið hennar ákvörðun að fara til Kenía en að hún hafi orðið að hlýða föður sínum. Yfirvöld höfðu litið framhjá þessum röksemdum kæranda þar sem foreldrar hennar höfðu haft forsjá hennar þegar hún fluttist úr landi. Þótt dómstóllinn féllist á að forsjá foreldra yfir börnum sínum, uppeldi þeirra og jafnvel dvalarstaður félli undir hugtakið fjölskyldulíf varð einnig að gera þær kröfur til yfirvalda að þau sæju til þess að réttindi barnanna sjálfra væru virt.

Að mati dómstólsins hafði verið litið framhjá sjónarmiðum kæranda þegar ákvörðun var tekin. Ein af röksemdunum fyrir ákvörðun innflytjendayfirvalda var til að mynda sú að kærandi hafði ekki séð móður sína í rúm fjögur ár. Yfir-

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

völd tóku ekki tillit til þess að ástæðan fyrir þessu var slæmur fjárhagur fjölskyldunnar en ekki viljaskortur eins og kærandi hafði bent á.

Breytingin á innflytjendalöggjöfinni var gerð eftir að kærandi hafði verið send úr landi og því höfðu hvorki hún né foreldrar hennar getað séð fyrir að henni yrði synjað um dvalarleyfi við þessar aðstæður.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans þar sem ekki var tekið tillit til hagsmuna hennar þegar yfirvöld ákváðu að framlengja ekki landvistarleyfi hennar. Yfirvöld hefðu byggt ákvörðunina einvörðungu á hagsmunum ríkisins af því að viðhafa innflytjandaeftirlit og litið með öllu framhjá hagsmunum kæranda.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Danmörku gert að greiða kæranda 15.000 evrur í miskabætur og 6.000 evrur vegna málskostnaðar.

Nunez gegn Noregi

Dómur frá 28. júní 2011

Mál nr. 55597/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Brottvísun Fjölskyldulíf. Börn.

1. Málsatvik

Kærandi, Mirtha Ledy de Leon Nunez, er dóminískur ríkisborgari, fædd árið 1974 og búsett í Osló. Kærandi kom til Noregs árið 1996. Eftir að hún var staðin að búðarhnupli í mars sama ár var henni vísað úr landi. Henni var jafnframt meinað að snúa aftur til Noregs í tvö ár. Fjórum mánuðum síðar sneri hún aftur til Noregs, þá með falsað vegabréf. Í október 1996 giftist hún norskum ríkisborgara og sótti í kjölfarið um ríkisborgararétt á þeim grundvelli að hún hefði aldrei áður komið til Noregs og hefði þar engan sakaferil. Kærandi fékk útgefið atvinnuleyfi og árið 2000 fékk hún búsetuleyfi. Hún skildi síðar við eiginmann sinn, hóf sambúð með öðrum dóminískum ríkisborgara og með honum eignaðist hún tvær dætur fæddar árin 2002 og 2003.

Árið 2001 komust innflytjendayfirvöld að því að kæranda hefði áður verið vísað úr landi og að hún hefði komið aftur til landsins á fölsuðum skilríkjum. Í apríl 2005 afturkölluðu yfirvöld búsetuleyfi kæranda. Var henni vísað úr landi og meinað að snúa aftur fyrr en að tveimur árum liðnum. Meðan á þessu stóð hafði kærandi slitið samvistum við barnsföður sinn og fór hún með forsjá barna þeirra. Eftir að ákvörðun innflytjendayfirvalda lá fyrir var barnsföðurnum hins vegar dæmd forsjá barnanna. Kærandi kærði ákvörðun innflytjendayfirvalda til héraðsdóms Oslóar. Héraðsdómur vísaði málinu frá og staðfesti hæstiréttur landsins síðar þá ákvörðun.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ákvörðun yfirvalda um að vísa henni úr landi bryti gegn 8. gr. sáttmálans þar sem ákvörðunin hefði þau áhrif að hún gæti ekki umgengist ungar dætur sínar.

Niðurstaða

Í upphafi áréttaði dómstóllinn að sáttmállinn skuldbindi ríki hvorki til þess að virða val innflytjenda á landi til búsetu né að þau heimili ávallt sameiningu fjölskyldna innflytjenda. Ríkjum væri því í sjálfsveld sett hvort þau heimiluðu fjölskyldumeðlimum innflytjenda að sameinast fjölskyldu sinni. Við töku slíkra ákvarðana bæri þó að taka mið af aðstæðum hverju sinni. Jafnframt væri brottvísun innflytjenda í sjálfu sér ekki andstæð ákvæðum sáttmálans.

Kærandi virti að vettugi endurkomubannið frá 1996 með því að snúa aftur til landsins aðeins fjórum mánuðum eftir að bannið tók gildi. Þá öðlaðist kærandi dvalarleyfi og að lokum búsetuleyfi með því að gefa yfirvöldum rangar upplýsingar. Kærandi hafði því alla tíð verið búsett í landinu ólöglega og gat ekki haft lögmatar væntingar til þess að vera ekki vísað úr landi. Þar til kærandi flutti til Noregs hafði hún verið búsett í Dóminíska lýðveldinu. Hún hafði auk þess eignast tvö börn með manni frá sama landi og ávallt haldið góðum tengslum við heimaland sitt. Að mati dómstólsins mátti því færa rök fyrir því að tengsl kæranda við heimaland sitt hefðu jafnvel verið sterkari en tengsl hennar við Noreg. Dómstóllinn taldi engu að síður mikilvægt að líta til hagsmuna barna kæranda en kærandi hafði haft fulla forsjá yfir þeim og séð um uppeldi þeirra allt þar til árið 2007 að faðir þeirra fékk forsjá barnanna. Skilnaður for-eldra barnanna og forsjárdeilan sem fylgdi í kjölfarið hafði mikil áhrif á þau og hagi þeirra. Ofan á það bættist síðan fyrirhuguð brottvísun móður þeirra en sökum ungs aldurs gætu þau átt erfitt með að átta sig á aðstæðum hennar og því hvers vegna þau fái ekki tækifæri til að umgangast móður sína í rúm tvö ár. Dómstóllinn taldi yfirvöld ekki hafa gætt sanngjarns jafnvægis við það að tryggja annars vegar réttindi barna kæranda til að njóta samvista með móður sinni og hins vegar hagsmuni ríkisins af því að viðhafa virkt innflytjendaeftirlit. Ákvörðunin um að vísa kæranda úr landi hefði eingöngu verið tekin með tilliti til þess síðarnefnda og án nokkurs tillits til réttinda kæranda og barna hennar. Þá hefði ákvörðunin verið tekin rúmum fjórum árum eftir að kærandi viðurkenni þau brot sem voru grundvöllur brottvísunarinnar en slíkt samræmdist vart góðum stjórnsýsluháttum.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ef kæranda yrði vísað úr landi væri brotið gegn 8. gr. sáttmálans. Dómstóllinn hafði farið fram á það við norsk yfirvöld á grundvelli 39. gr. reglna dómstólsins að þau biðu með það að vísa kæranda úr landi þar til endanleg niðurstaða lægi fyrir.

Þrjú dómarmar skiluðu séráliti.

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Lautsi o.fl. gegn Ítalíu

Dómur frá 18. mars 2011 - Yfirdeild

Mál nr. 30814/06

Sjá reifun dóms undir 2. gr. 1. viðauka.

Réttur til að menntun samræmist trúarskoðunum. Krossar í skólastofum.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Otegi Mondragon gegn Spáni

Dómur frá 15. mars 2011

Mál nr. 2034/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

Stjórnmálumræða. Opinberir embættismenn. Meiðyrði. Gildisdómar.

1. Málsatvik

Kærandi, Arnaldo Otegi Mondragon, er spænskur ríkisborgari, fæddur árið 1956. Hann var talsmaður Sozialista Abertzaleak, flokks vinstrisinnaðra baskneskra aðskilnaðarsinna á þingi sjálfstjórnarsvæðis Baska.

Í febrúar 2003 gerði lögregla húsleit í höfuðstöðvum dagblaðsins Euskaldunon Egunkaria vegna gruns um tengsl blaðsins við hryðjuverkasamtökin ETA. Í kjölfarið var skrifstofum dagblaðsins lokað og tíu starfsmenn voru handteknir, þar á meðal ritstjórar blaðsins, og settir í varðhald í fimm daga. Þeir kvörtuðu undan því að hafa sætt harðræði í varðhaldinu. Á blaðamannafundi í borginni San Sebastián þann 26. febrúar 2003, á sama tíma og konungur Spánar sótti vígsluathöfn nýrrar raforkustöðvar í Baskahéraði, lét kærandi það álit sitt í ljós á heimsókn konungs að hún væri „hreint pólitískt hneyksli“. Kærandi sagði konunginn, sem æðsta yfirmann lögreglu landsins og spænska hersins, var í forsvari fyrir þá sem fangelsaðu og pynduðu þá menn sem voru handteknir í höfuðstöðvum Egunkaria dagblaðsins. Þar að auki sagði kærandi konung viðhalda einræði sínu með pyndingum og ofbeldi.

Í apríl 2003 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur kæranda vegna „alvarlegra meiðyrða um konunginn“. Kærandi hélt því fram að ákæran hefði verið gefin út vegna ummæla hans um ábyrgð konungs á pyndingum. Kærandi benti á að fjöldi þjóðþekktra einstaklinga hefðu tjáð sig á sambærilegan hátt um málið. Ummæli hans hefðu einungis falið í sér pólitíska gagnrýni af hálfu stjórnmálamanns og réttlættist af tjáningarfrelsi hans, sem væri nauðsynlegur þáttur í öllum lýðræðissamfélögum.

Kærandi var sýknaður af ákærinni þann 18. mars 2005. Dómurinn leit svo á að þótt ummæli hans hefðu verið meiðandi og svívirðileg hefðu þau engu að síður verið hluti pólitískrar umræðu og sem slík vernduð af tjáningarfrels-

10. gr. Tjáningarfrelsi

inu. Saksóknari áfrýjaði dóminum. Þann 31. október 2005 sakfelldi Hæstiréttur Spánar kæranda fyrir meiðyrði gegn konungi landsins. Hann var dæmdur til eins árs fangelsisvistar. Fullnusta refsingar kæranda var skilorðsbundin til þriggja ára.

Í dóminum kom m.a. fram að rannsókn á meintu harðræði, sem starfsmenn Egunkaria áttu að hafa orðið fyrir í varðhaldi, hafði verið felld niður vegna skorts á sönnunargögnum. Ummæli kæranda hefðu auk þess ekki verið hluti pólitískrar orðræðu milli kæranda og konungs. Niðurstaða dómstólsins var að ummælin hefðu vegið að heiðri konungs. Einn dómari skilaði séráliti þar sem hann taldi ummælin hafa beinst að embætti konungs en ekki að honum sem persónu.

Stjórnlagadómstóll landsins vísaði frá áfrýjun kæranda þann 3. júlí 2006.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans með sakfellingu hans og refsingu fyrir meiðyrði gagnvart konungi landsins.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að sú röskun sem orðið hafði á tjáningarfrelsi kæranda átti sér lagastoð í hegningarlögum landsins þar sem lögð var refsing við því að lítilsvirða konunginn. Lögin þjónuðu því lögmæta markmiði að vernda orðspor konungs Spánar.

Ummæli kæranda voru sett fram af honum sem kjörnum fulltrúa síns stjórn málaflakks og vörðuðu málefni sem voru hugleikin íbúum Baskahéraðs. Svigrúm yfirvalda til að takmarka tjáningarfrelsi kæranda næði ekki til ummæla sem tengdust pólitískri umræðu þar sem mikilvægt væri í lýðræðisþjóðfélagi að pólitískir fulltrúar geti tjáð hug sinn og skoðanir á þeim pólitísku álitamálum sem efst eru á baugi hverju sinni.

Hæstiréttur hefði litið svo á að ummæli kæranda væru gildisdómar og persónulegar skoðanir hans fremur en útlistun á staðreyndum. Dómstóllinn hefði þegar komist að þeirri niðurstöðu, í fyrri málum sínum, að slík ummæli þyrftu að byggjast á ákveðnum grunni ef ekki væri of langt gengið. Í tilviki kæranda höfðu ummælin verið nátengd ásökunum ritstjóra dagblaðsins um harðræði. Þau voru þar að auki til þess fallin að vekja upp umræðu um hugsanlega ábyrgð yfirvalda og ædstu stjórnenda öryggisveita hersins og lögreglu þegar ásakanir um harðræði af þeirra hálfu koma á yfirborðið.

Þótt kærandi hefði vissulega sett ummælin fram á ögrandi hátt þá hefðu þau verið í nánum tengslum við pólitískt deiluefni sem snerti íbúa héraðsins og þeirra hagsmuni. Dómstóllinn taldi að slík ummæli væru ásættanleg svo lengi sem þau væru innan hæfilegra marka og sköðuðu ekki orðspor eða réttindi þeirra sem þau beindust að. Þar sem ummæli kæranda hefðu verið látin falla á blaðamannafundi var hvorki hægt að ummorða þau né draga til baka.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Dómstóllinn hefði í dómaframkvæmd viðurkennt rétt ríkja til að veita þjóðhöfðingjum aukna réttarvernd gegn ummælum af þessum toga. Slík réttarvernd væri sérstaklega mikilvæg í konungsríkjum líkt og á Spáni þar sem embætti konungs nyti sérstöðu í stofnanaskipulagi landsins. Þrátt fyrir að konungur viðhéldi ávallt hlutleysi sínu þegar kæmi að pólitískum deiluefnum þá væri hann engu að síður tákn ríkisins og því ekki hægt að veita honum fortakslausa vernd fyrir málefnalegri gagnrýni á stofnanir ríkisins. Ummæli kæranda hefðu ekki falið í sér persónulegar árásir gagnvart konungi, þau hefðu ekki snúið að einkahögum hans eða verið vanvirðandi gegn honum sem persónu. Af orðalaginu yrði ekki annað séð en að þau beindust einvörðungu að hlutverki konungs innan stofnanaskipulags Spánar þar sem hann var formlega æðsti yfirmaður þeirra manna sem ásakaðir höfðu verið um harðræði. Með þeim hefði kærandi hvorki ýjað að vanrækslu konungs á embættisskyldum sínum né sakað hann um glæpsamlega háttsemi.

Dómstóllinn leit svo á að refsiviðurlög kæranda væru óhóflega þungbær, jafnvel þótt fangelsisrefsingin hefði verið skilorðsbundin. Sakfelling kæranda og refsing hans voru því að mati dómstólsins ekki í samræmi við meðalhóf. Að öllu þessi virtu voru sakfelling kæranda og refsing fyrir ummæli hans talin fela í sér brot á réttindum hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Í ljósi þessarar niðurstöðu taldi dómstóllinn óþarft að athuga sérstaklega hvort brotið hefði verið gegn öðrum ákvæðum sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Spáni gert að greiða kæranda 20.000 evrur í miskabætur og 3.000 evrur vegna málskostnaðar.

RTBF gegn Belgíu

Dómur frá 29. mars 2011

Mál nr. 50084/06

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmiðlar. Útsending sjónvarpsefnis. Lögbann. Lagaheimild fyrir takmörkun tjáningarfrelsis.

1. Málsatvik

Kærandi í málinu er sjónvarpsstöðin RTBF í Belgíu Til margra ára hafði hún sent út fréttaskýringaþátt með heitinu „Í nafni laganna“ þar sem tekin voru fyrir ýmis lagaleg álitæfni um mál sem voru til umræðu í samfélaginu. Þátturinn sem fyrirhugað var að sýna þann 24. október 2001 fjallaði um réttindi sjúklinga og vandamál tengd upplýsingagjöf og samskiptum þeirra við lækna. Í þættinum átti m.a. að fjalla um kvartanir frá sjúklingum taugaskurðlæknisins D.B. Árið áður höfðu dagblöð víða um Belgíu birt fréttir af kvörtunum sjúklinga D.B., án nokkurra viðbragða af hans hálfu. D.B. hafði neitað beiðni þáttagerðarmanna um að koma í sjónvarpsviðtal en var reiðubúinn að svara spurningum þeirra í viðurvist lögmanna sinna.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Þann 3. október 2001 krafðist D.B. lögbanns á sýningu þáttarins. Dómstóll féllst á lögbannskröfuna þann 24. október. Samkvæmt lögbannsráskurðinum varðaði brot á banninu sekt sem nam 2 milljónum belgískra franka. Sá hluti þáttarins sem laut að umfjöllun um meint læknamistöð D.B. var því klipptur úr þættinum og í staðinn voru birtar rökræður milli fréttamanns og framleiðanda þáttarins varðandi lögbannsráskurðinn. Kærandi kærði lögbannsráskurðinn 5. nóvember 2001.

Áfrýjunardómstóllinn skilaði úrskurði sínum þann 21. desember 2001. Í honum kom fram að 25. gr. stjórnarskrár landsins, um fjölmiðlafrelsi, ætti ekki við í málinu þar sem ákvæðið næði aðeins til prentmiðla en ekki útvarps- eða sjónvarpsmiðla. Vísað var til þess að bæði stjórnarskráin og Mannréttindasáttmáli Evrópu heimiluðu takmarkanir á tjáningarfrelsi svo lengi sem slíkar takmarkanir væru byggðar á lögum og hefðu það að markmiði að vernda réttindi annarra. Taldi dómstóllinn bæði þessi skilyrði uppfyllt þar sem takmarkanirnar voru ákvarðaðar með dómsúrskurði og voru til þess fallnar að vernda heiður, virðingu og friðhelgi einkalífs þess sem fór fram á lögbannið. Að mati dómstólsins réttlætist birting þáttarins ekki af almannahagsmunum og rétti almennings til upplýsinga þar sem umfjöllunin byggðist aðeins á ásökunum ýmissa aðila á hendur lækninum en ekki staðreyndum.

Hæstiréttur landsins staðfesti niðurstöðu áfrýjunardómstólsins en vísaði frá seinni hluta í kröfugerð kæranda, sem varðaði brot á 10. gr. Mannréttindasáttmálans þar sem kærandi hafði ekki byggt kröfu sína um endurskoðun lögbannsráskurðar hjá áfrýjunardómstólnum á réttum ákvæðum réttarfarslöggjafarinnar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði undan því að hæstiréttur hefði vísað frá kröfum hans varðandi tjáningarfrelsi fjölmiðla. Með því hefði verið brotið gegn rétti hans til að fá mál sitt tekið fyrir af dómstól samkvæmt 6. gr. sáttmálans. Kærandi taldi einnig að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans með lögbanninu á útsendingu sjónvarpsþáttarins.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Dómstóllinn áréttaði að almennt væri viðurkennt í aðildarríkjum Evrópuráðsins að þær kröfur sem 6. gr. sáttmálans gerðu næðu einnig til bráðabirgðaákvæðana þegar þær vörðuðu sömu réttindi og skyldur og mælt er fyrir um í 6. gr. Í málinu hafði lögbannsráskurðurinn frá 24. október 2001 þjónað sama tilgangi og endanlegur úrskurður, þ.e. að hindra útsendingu sjónvarpsþáttarins. Úrskurðurinn hafði takmarkað tjáningarfrelsi kæranda, rétt hans til að miðla upplýsingum í gegnum fjölmiðla og hann hefði tekið gildi við uppkvaðningu. Þegar kæran barst Mannréttindadómstólnum var staðfestingarmál vegna lögbannsins enn þá til meðferðar hjá belgískum dómstólum. Það var því mat dómstólsins að 6. gr. sáttmálans ætti við í málinu.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Þótt kærandi hefði getað skotið úrskurðinum til hæstaréttar þýddi það ekki sjálfkrafa að aðgangur hans að dómstólum hefði verið nægjanlega tryggður, enda hefði hæstiréttur vísað málinu frá vegna réttarfarsreglna í stað þess að fjalla efnislega um meint brot á tjáningarfrelsi kæranda. Frávisunin hefði því falið í sér brot á 6. gr. sáttmálans.

Um 10. gr.: Lögbannið við útsendingu þáttarins fól í sér takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda og þurfti fyrst að kanna hvort mælt væri fyrir um hana í lögum. Dómstóllinn benti á að venja gæti aðeins talist jafngilda lögum, í skilningi 2. mgr. 10. gr. sáttmálans, ef hún hefði mótast og verið beitt í framkvæmd með það skýrum hætti að maður gæti, með lögfræðiráðgjöf ef nauðsyn bæri til, séð fyrir afleiðingar gjörða sinna. Dómstóllinn áréttaði að belgíska stjórnarskráin mælti aðeins fyrir um refsingar vegna brota, er væru framin í nafni tjáningarfrelsisins, eftir að þau hefðu verið fullframin. Í réttarfars- og refsilöggjöf landsins voru engin skýr ákvæði varðandi hvaða takmarkanir væru heimilar á tjáningarfrelsinu né heldur hver væri tilgangur þeirra, umfang, gildistími eða hver hefði umsjón með eftirfylgni þeirra. Misræmi var í dómaframkvæmd varðandi heimildir dómara til að úrskurða lögbann við þessar aðstæður. Kæranda hafði því verið ómögulegt að sjá fyrir lagalegar afleiðingar fyrirhugaðrar útsendingar umrædds sjónvarpsþáttar.

Án skýrra reglna um takmarkanir á tjáningarfrelsi, taldi dómstóllinn hættu á að þeir sem óttuðust umfjöllun um sig og persónu sína í sjónvarpsþáttum færu fram á lögbann. Burtséð frá þeirri réttaróvissu sem fælist í þessu fyrirkomulagi fór það gegn rétti fjölmiðla að fá að miðla upplýsingum þar sem engin skilgreining var á hugtakinu ritskoðun í belgískum lögum. Að mati dómstólsins var einnig vandséð hvers vegna fyrir hendi væru rýmri heimildir samkvæmt landslögum til að takmarka útsendingar sjónvarpsefnis en almennt giltu um prentmiðla.

Niðurstaða dómstólsins var sú að belgískt regluverk og dómaframkvæmd í þessum málaflokki uppfyllti ekki kröfur sáttmálans um fyrirsjáanleika. Belgíska ríkið hefði því brotið gegn 10. gr. sáttmálans. Í ljósi þessarar niðurstöðu taldi dómstóllinn óþarft að athuga sérstaklega hvort brotið hefði verið gegn öðrum þáttum 2. mgr. 10. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Belgíu gert að greiða kæranda 42.014 evrur í málskostnað.

Aquilina o.fl. gegn Möltu

Dómur frá 14. júní 2011

Mál nr. 28040/08

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmiðlar. Skyldur blaðamanna.

1. Málsatvik

Kærendur, Victor Aquilina, Sharon Spiteri og Austin Bencini, eru maltneskir ríkisborgarar. Þau störfuðu sem ritstjóri, blaðamaður og prentari hjá blaðinu Times of Malta. Þann 20. júní árið 1995 var einn kæranda að fylgjast með réttarhaldi yfir manni sem ákærður hafði verið fyrir fjölkvæni. Mikið fjaðrafok varð í dómsalnum þann dag þar sem verjandi hins ákærða kom ekki til dómþings en orðrómur var uppi um að þetta hefði verið vegna deilna hans og skjólstaðingsins um þóknun lögmannsins. Kærandi fékk þær upplýsingar frá þeim sem viðstaddir voru dómþingið að dómari hefði komist að þeirri niðurstöðu að með því að hafa ekki mætt fyrir dóm hefði lögmaðurinn sýnt réttinum vanvirðingu. Í kjölfarið skrifaði kærandi grein þar sem fram kom að dómstóllinn hefði ávitað lögmanninn fyrir að sýna réttinum vanvirðingu með því að mæta ekki í þinghald. Lögmaðurinn hafði strax samband við blaðið og benti á að í bókun úr þinghaldi kæmi hvergi fram að hann hefði verið ávittur. Daginn eftir að lögmaðurinn hafði haft samband við blaðið birti það leiðréttingu á frétt sinni. Lögmaðurinn höfðaði engu að síður meiðyrdamál á hendur kærendum og árið 1999 voru þau sakfelld fyrir meiðyrði og gert að greiða rúmar 720 evrur í bætur. Hæstiréttur landsins og stjórnlagadómstóll staðfestu þessa niðurstöðu þrátt fyrir að aðrir sem viðstaddir voru réttarhöldin, til að mynda saksóknarinn í málinu, vitnuðu til um að hafa, líkt og kærendur, talið að lögmaðurinn hefði verið ávittur. Stjórnlagadómstóllinn tók fram að gera yrði þá kröfu til fréttamanna að þeir greindu rétt frá staðreyndum mála og forðuðust að afvegaleiða almenning með röngum fréttaflutningi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærendur héldu því fram að sakfelling maltneskra dómstóla vegna ærumeiðinga bryti í bága við tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að dómari landsdómstólanna þriggja hefðu takmarkað tjáningarfrelsi kæranda. Takmörkunin hefði hvílt á lagaheimild og þjónað þeim lögmeta tilgangi að vernda mannorð annarra. Að mati dómstólsins var lykilatriði í málinu að meta annars vegar hvort kærendur áttu kost á að staðreyna atvik málsins áður en fréttin birtist í blaðinu og hins vegar hvort kærendur hefðu uppfyllt skyldur sínar sem blaðamenn.

Hvað fyrri atriðið varðaði leit dómstóllinn til þess að þótt lögmaðurinn hefði ekki formlega verið ávittur fyrir að vanvirða réttinn bentu öll gögn og vitnisburðir þeirra sem viðstaddir voru þinghaldið til þess að svo hefði verið. Sjálfur saksóknarinn í málinu hafði borið um það vitni fyrir dómi að hann teldi að lögmaðurinn hefði verið ávittur. Dómstóllinn fann enga skýringu á því hvers vegna landsdómstólar tóku ekki tillit til þessara atriða þegar dómur var kveðin upp yfir kærendum.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Dómstóllinn taldi að kærundur hefðu eftir bestu getu reynt að ganga úr skugga um sannleiksgildi fréttar sinnar áður en hún var birt. Ekki hefði verið hægt að ætlast til þess að kærundur hefðu framkvæmt frekari rannsóknarvinnu þar sem slíkt hefði óhjákvæmilega frestað birtingu fréttarinnar og þar með dregið úr áhuga á henni og svipt hana gildi sínu. Þá varð að líta til þess að blaðið birti strax daginn eftir leiðréttingu. Það varð því ekki annað séð en að kærundur hefðu uppfyllt skyldur sínar sem blaðamenn til hins ýrasta.

Þar sem fyrrgreind skerðing á tjáningarfrelsi kæranda hefði ekki verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi til að vernda mannorð annarra, komst dómstóllinn að einróma niðurstöðu um að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Möltu gert að greiða kærendum 4.000 evrur í miskabætur og 4.000 evrur vegna málskostnaðar.

Pinto Coelho gegn Portúgal

Dómur frá 28. júní 2011

Mál nr. 28439/08

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmiðlar. Umfjöllun um lögreglurannsókn. Opinberir starfsmann. Uppljóstrun trúnaðarmála.

1. Málsatvik

Kærandi, Sofia Pinto Coelho, er portúgalskur ríkisborgari, fædd árið 1963 og búsett í Lissabon. Hún er fréttamaður og sér um dómsmálaumfjöllun fyrir sjónvarpsstöðina SIC í Portúgal.

Árið 1999 flutti kærandi frétt þess efnis að fyrrum deildarstjóri rannsóknardeildar lögreglunnar, sem vikið hafði verið úr starfi, hefði verið ákærður fyrir brot á þagnarskyldu. Fjölmiðlar höfðu áður en þetta átti sér stað fjallað talsvert um mál deildarstjórans og gefið hafði verið í skyn að hann hefði lekið upplýsingum um sakamál sem hann hafði til rannsóknar. Í frétt sinni sýndi kærandi afrit af ákærinni og öðrum skjölum tengdum málinu.

Kærandi var í kjölfar birtingar fréttarinnar ákærð fyrir að hafa birt málsöggn áður en dómur lá fyrir en slík birting er refsiverð samkvæmt refsilögum landsins. Var hún sakfelld fyrir þá háttsemi sem henni var gefin að sök og var dæmd til greiðslu 400 evra sektar auk málskostnaðar. Áfrýjunum hennar til áfrýjunardómstóls Lissabon og stjórnskipunardómstóls landsins var vísað frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði undan því að sakfelling hennar vegna fréttaflutnings væri skerðing á tjáningarfrelsi sínu og bryti því í bága við 10. gr. sáttmálans.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Niðurstaða

Fyrir dómstólnum lá að leysa úr því hvort sakfelling kæranda hefði talist skerðing á tjáningarfrelsi hennar og ef svo væri hvort slík skerðing hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Dómstóllinn áréttaði að fjölmiðlar gegndu því mikilvæga hlutverki að miðla hvers konar upplýsingum og hugmyndum til almennings. Þeim bæri engu að síður að gæta að mannorði og réttindum þeirra sem fjallað væri um. Þá væri yfirvöldum heimilt að skerða tjáningarfrelsi til þess að koma í veg fyrir uppljóstrun trúnaðarmála. Þetta þýddi þó ekki að fjölmiðlar gætu almennt ekki fjallað um mál sem rekin væru fyrir dómstólunum heldur aðeins að þeim bæri að varast að birta viðkvæm skjöl sem gætu haft áhrif á rekstur máls og möguleika aðila á að fá réttláta málsmeðferð.

Hvað varðaði fréttáflutning kæranda taldi dómstóllinn að almenningur hefði haft hagsmuni af þeim upplýsingum sem þar komu fram enda hefði málið varðað opinberan starfsmann sem grunaður var um brot í starfi. Dómstóllinn leit svo á að landsdómstólar hefðu ekki tekið tillit til tjáningarfrelsis kæranda við sakfellingu hennar. Sakfellingin hefði eingöngu grundvallast á því að kær- andi hefði birt gögn úr dómsmáli sem ekki hefði fallið dómur í. Yfirvöld hefðu ekki fært sönnur á að birting umræddra gagna hefði haft áhrif á rannsókn eða rekstur málsins. Að mati dómstólsins var slíkt ófrávíkjanlegt bann við birtingu ákveðinnar tegundar upplýsinga í sjálfu sé of mikil skerðing á tjáningarfrelsinu.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans þar sem ekki hefði verið tekið tillit til tjáningarfrelsisins við sakfellingu hennar.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Portúgal gert að greiða kæranda 4.040 evrur vegna fjárhagslegs tjóns sem hún hafði orðið fyrir.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

M.S.S. gegn Belgíu og Grikklandi - Yfirdeild

Dómur frá 21. janúar 2011

Mál nr. 30696/09

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Hælisleitendur. Meðferð hælisúmsóknar. Dyflinnarreglugerð. Ómannúðleg meðferð.

Payet gegn Frakklandi

Dómur frá 20. janúar 2011

Mál nr. 19606/08

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Afplánun refsisdóms. Öryggisráðstafanir. Agaviðurlög.

Rahimi gegn Grikklandi
Dómur frá 5. apríl 2011
Mál nr. 8687/08
Sjá reifun dómsins undir 3. gr.
Utlendingar. Meðferð hælisleitenda. Börn.

14. gr. Bann við mismunun

Sporer gegn Austurríki
Dómur frá 3. febrúar 2011
Mál nr. 35637/03
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu
14. gr. Bann við mismunun
Börn. Meðferð dómsmáls um forsjá.

1. Málsatvik

Kærandi, Gerald Sporer, er austurrískur ríkisborgari, fæddur árið 1976 og býr í Schalchen (Austurríki). Hann eignaðist soninn K í maí árið 2000 með X sem bjó í sama húsi og hann. Kærandi bjó með sambýliskonu sinni og syni þeirra. Á fyrsta ári K skiptu Sporer og X umönnun hans á milli sín og tóku bæði foreldraorlof.

Eftir að X flutti úr húsinu í janúar 2002 fór kærandi fram á það við héraðsdóm að hann fengi forsjá K þar sem X væri ekki fær um að sjá um barnið. X mótmælti þessu og barnaverndarnefnd gaf það álit að báðir foreldrar væru hæfir til að sjá um barnið. Við meðferð dómsmálsins var ákveðið til bráðabirgða að foreldrar K færu sameiginlega með forsjá hans. Barnasálfræðingur, sem dómstóllinn dómkvaddi að beiðni kæranda, gaf það álit að X væri ófær um að sjá um K. Annar sérfræðingur dómkvaddur af dómstólnum komst að gagnstæðri niðurstöðu. Þriðji sérfræðingurinn, sem var dómkvaddur, staðfesti álit númer tvö, og hélt því fram að hagsmunum barnsins yrði ekki stefnt í hættu ef það yrði áfram hjá móður sinni. Kærandi nýtti sér ekki rétt sinn til að leggja fram skriflegar athugasemdir en krafðist þess að sérfræðilítið yrði rætt við fyrirtöku í réttinum þar sem hann kæmi fram munnlegum athugasemdum.

Í desember 2002 hafnaði dómstóllinn kröfu kæranda um að koma að munnlegum athugasemdum við sérfræðilítið svo og kröfum hans um forsjá K. Dómstóllinn vísaði til þess að samkvæmt austurrískum lögum hefði móðir barns, sem fæddist utan hjónabands, fulla forsjá þess nema hagsmunir barnsins væru í hættu. Úrskurðurinn var staðfestur á æðra dómstigi og í júní 2003 vísaði Hæstiréttur Austurríkis máli kæranda frá. Móðir K hefur enn fulla forsjá K en kærandi hefur umgengnisrétt við hann í samræmi við ákvörðun austurrískra dómstóla.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar þar sem honum var ekki heimilað að koma að munnlegum athugasemdum við síðasta sérfræðialítið. Kærandi hélt því einnig fram að samkvæmt 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans hefði honum verið mismunað á þeim grundvelli að hann var faðir barns sem fæddist utan hjónabands. Hann hélt því fram að hann hefði fengið aðra málsmeðferð en móðirin, þar sem honum hafi samkvæmt lögum verið ókleift að fá sameiginlega forsjá án hennar samþykkis. Í samanburði við gifta eða fraskilda feður hefði honum verið mismunað þar sem þeir gætu fengið úrskurð um sameiginlega forsjá í kjölfar skilnaðar frá móður barnsins.

Niðurstaðan

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að munnleg málsmeðferð hefði tvisvar farið fram í forsjármáli kæranda, eitt til undirbúnings og eitt um efnislið málsins. Málsmeðferðin hefði gert dómstólnum kleift að meta persónulega báða foreldra og veitt tækifæri til að ræða hinar ýmsu hliðar málsins. Dómstóllinn féllst á rök austurríska dómstólsins fyrir því að ekki hefði verið þörf fyrir frekari munnlegan málfutning þar sem þriðja sérfræðialítið hefði verið fullnægjandi og allar staðreyndir og öll lögfræðileg atriði hefðu verið skýr. Ekkert benti til að kærandi hefði ekki getað lagt fram frekari gögn ef hann óskaði þess. Undirbúningur þriðja sérfræðialitsins hefði ekki verið hagnuðum óhagstæður þar sem það var byggt á viðtölum og skriflegum athugasemdum frá báðum aðilum. Með tilliti til þessa komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið um brot gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. að ræða.

Um 14. gr., sbr. 8. gr.: Dómstóllinn tóki fyrst fram að óumdeilt væri milli aðilanna að með sambandi kæranda og sonar hans hefði stofnast „fjölskyldulíf“ í skilningi 8. gr.

Í forsjármáli kæranda voru austurrískir dómstólar hins vegar ekki í stöðu til þess að meta hvort sameiginlegt forræði væri í þágu barnsins, þar sem samkvæmt austurrískri einkamálalöggjöf væri samþykki móður nauðsynlegt til þess og það hafi ekki legið fyrir í þessu máli. Dómstólarnir hefðu heldur ekki verið beðnir um að athuga hvort annað foreldrið væri betur fært en hitt til að fara með forsjá K. Heimild dómstóla var takmörkuð við úrlausn þess hvort velferð K væri í hættu meðan hann væri hjá móður sinni. Kærandi hlaut því aðra meðferð en móðirin, að því er varðaði kröfuna um forsjá þar sem hann var faðir barns sem fæddist utan hjónabands. Á sama tíma hlaut hann samkvæmt lögum aðra meðferð en giftir feður.

Þótt reglur aðildarríkjanna um stöðu feðra barna, sem fæðast utan hjónabands, væru ekki samræmdar giltu þær reglur í meirihluta aðildarríkjanna að hagsmunir barnsins skyldu ráða úrslitum ef ágreiningur yrði um forsjá barns og dómstólar leystu úr þeim ágreiningi. Í tilviki kæranda heimiluðu austurrísk lög kæranda ekki að fá úrlausn dómstóla á því hvort sameiginleg forsjá

14. gr. Bann við mismunun

væri barni hans fyrir bestu eða hvort veita skyldi móður eða föður fulla forsjá. Stjórnvöld hefðu ekki fært fram nægileg rök til að réttlæta það af hverju staða kæranda, sem föður K, væri að þessu leyti lakari en staða fedra sem skilið hefðu við barnsmæður sínar.

Með vísan til þessa komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans var austurríska ríkinu gert að greiða kæranda 3.500 evrur í málskostnað. Dómstóllinn komst hins vegar að því að niðurstaða hans um brot fæli í sér nægilegar miskabætur til kæranda.

34. gr. Kætur einstaklinga

Toumi gegn Ítalíu

Dómur frá 5. apríl 2011

Mál nr. 25716/09

3. gr. Bann við pyndingum

34. gr. Kætur einstaklinga

Útlendingar. Framsal sakamanna. Kæturéttur einstaklinga.

1. Málsatvik

Kærandi, Ali Ben Sassi Toumi, er túnískur ríkisborgari, fæddur árið 1965 og býr í Túnis. Hann er kvæntur ítölskum ríkisborgara og á þrjú börn. Í október 2007 var hann dæmdur í 6 ára fangelsi á Ítalíu fyrir þátttöku í alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Í maí 2009 var kæranda sleppt úr haldi. Sama dag var honum vísað úr landi til Túnis. Mannréttindadómstóllinn sendi tilmæli til ítalskra stjórnvalda á grundvelli reglu 39 í reglum dómstólsins um að fresta framkvæmd þar sem kærandi hafði þá skotið máli til dómstólsins. Þrátt fyrir tilmælin var kæranda vísað úr landi og hann fluttur til Túnis 2. ágúst 2009. Í millitíðinni höfðu ítölsk yfirvöld fengið yfirlýsingu frá túnískum yfirvöldum þess efnis að réttindi kæranda yrðu virt og honum gert mögulegt að fá heimsóknir og heilbrigðisaðstoð. Túnísk yfirvöld staðfestu einnig að ekki stæði til að ákæra kæranda fyrir hryðjuverk.

Kærandi hélt því fram að hann hefði verið handtekinn um leið og hann kom til Túnis. Hann hefði verið pyndaður en síðan loks verið sleppt. Engu að síður hefði hann þurft að þola stöðugar hótanir af hálfu lögreglu. Ítölsk yfirvöld héldu því aftur á móti fram að kæranda hefði einungis verið haldið í þrjú daga á meðan beðið var með að taka af honum skýrslu vegna þátttöku í hryðjuverkastarfsemi. Hann hefði ekki sætt illri meðferð. Ítölsk yfirvöld reiddu sig á upplýsingar frá túnískum yfirvöldum hvað þetta varðaði.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 3. og 8. gr. sáttmálans með því að flytja hann til Túnis. Einnig hefði verið brotið gegn 34. gr. sáttmálans þar sem ekki hefði verið orðið við bráðabirgðabeiðni dómstólsins.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn vísaði til fyrri úrlausna sinnar um aðstæður í Túnis og komst að þeirri niðurstöðu að kærandi ætti á hættu að fá meðferð í Túnis sem færi í bága við 3. gr. sáttmálans. Ekki var talið að yfirlýsing yfirvalda í Túnis um að réttindi kæranda væru tryggð nægði til að leysa ítölsk yfirvöld undan ábyrgð á velferð kæranda. Vísað var til gagna þess efnis að yfirvöld í Túnis væru treg til að starfa með alþjóðlegum eftirlitsaðilum og frjálsum félagasamtökum sem hefðu eftirlit með verndun mannréttinda. Ítölskum yfirvöldum hefði borið að skoða sjálfstætt þau gögn sem veittu vísbendingar um þær móttökur sem kærandi gat átt von á í Túnis. Þau gögn sem ítölsk yfirvöld höfðu látið dómstólnum í té þóttu ekki benda til þess að slíkt mat hefði farið fram. Var því brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 3. gr.

Um 34. gr.: Dómstóllinn tók fram að ef ríki virti ekki bráðabirgðaákvæðanir dómstólsins gæti hann ekki fjallað um réttindi kæranda og komið í veg fyrir að brotið yrði gegn þeim. Í því fælist brot á kærurétti einstaklinga samkvæmt 34. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda að þessu leyti, enda hefði hann verið fluttur úr ítalskri lögsögu og þannig komið í veg fyrir að hann gæti nýtt rétt sinn til að láta reyna á réttindi sín fyrir dómstólnum.

Í ljósi ofangreinds voru kæranda dæmdar 15 þúsund evrur í miskabætur og 6.500 evrur í málskostnað.

Þrjár dómarrar skiluðu séráliti.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignaréttar

Klein gegn Austurríki

Dómur frá 3. mars 2011

Mál nr. 57028/00

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignaréttar

Greiðslur í lífeyrissjóð. Réttur til lífeyris. Lögmennt. Skylduaðild.

1. Málsatvik

Kærandi, Anton Klein, er austurískur ríkisborgari, fæddur árið 1932 og starfaði áður sem lögmaður. Hann fékk lögmannsréttindi árið 1964 en missti þau í janúar 1996 samkvæmt ákvörðun Lögmannafélags Vínarborgar eftir að bú hans hafði verið tekið til gjaldþrotameðferðar.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Í ágúst 1997 sótti kærandi um að fá greiddan ellilífeyri frá lögmannafélaginu þar sem hann hafði starfað sem lögmaður frá 1964 til 1995. Félagið hafnaði umsókn hans í júní 1998. Ákvörðun um að hann ætti ekki rétt á lífeyri byggðist á því að hann hefði misst lögmannsréttindi sín og hefði því ekki verið félagi í lögmannafélaginu þegar hann varð 65 ára og komst á eftirlaunaaldur. Kærandi skaut málinu til stjórnsludómstóls sem staðfesti niðurstöðuna í júlí 1999. Þann 6. október sama ár hafnaði stjórnlagadómstóll landsins því að taka málið til meðferðar.

Eftirlaunalífeyriskerfi lögmannna í Austurríki er fjármagnað af skyldubundnum greiðslum sjóðsmeðlima til félaga lögmannna. Kerfið er að auki fjármagnað að hluta til af ríkinu sem greiðir árlega ákveðna fjárhæð sem dreifist milli svæðisbundinna lögmannafélaga. Þessar greiðslur af hálfu ríkisins koma til vegna lögfræðiaðstoðar sem lögmennt sinna og fá ekki greitt fyrir persónulega.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að með því að neita honum um greiðslu ellilífeyris eftir að hann hefði innt af hendi skyldubundnar greiðslur í lífeyrissjóð alla sína starfsævi sem lögmaður væri brotið gegn eignarrétti hans sem verndaður væri af 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann, bæði einni sér og með hliðsjón af 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn leit svo á að aðild að lífeyrissjóði, sem byggðist á skyldubundinni aðild manna sem tilheyrðu ákveðinni starfsgrein, gæti skapað lögmetar væntingar til greiðslu lífeyris þegar eftirlaunaaldri væri náð og teldist því til eignarréttar sem nyti verndar 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Sú staðreynd að kærandi uppfyllti ekki þær kröfur sem Lögmannafélag Vínarborgar gerði til að réttur til lífeyrisgreiðslna yrði virkur þýddi ekki að hann nyti ekki ákveðins eignarréttar í skilningi ákvæðisins líkt og austurríska ríkið hafði haldið fram. Í ljósi þess að lögmannafélagið gegndi lögbundnu hlutverki yrði austurríska ríkið sótt til ábyrgðar fyrir ákvarðanir þess.

Neitun um að kærandi fengi greiddan ellilífeyri taldist því röskun á rétti hans til friðhelgi eignarréttar samkvæmt ákvæðinu. Ríki hefði ákveðið svigrúm til að setja starfsleyfi lögmannna takmarkanir ef bú þeirra er tekið til gjaldþrotaskipta. Í ljósi þess að markmið slíkra skilyrða lögmannsleyfis var ekki það að refska aðilum í sömu stöðu og kærandi var voru engin lögmet sjónarmið sem réttlættu algjöra sviptingu á rétti til ellilífeyrisgreiðslna.

Þar sem aðild að lífeyrissjóði lögmannafélagsins var skyldubundin var tilgangur sjóðsins augljóslega sá að tryggja lögmonnum lífeyrisgreiðslur, samþærilegar lífeyrisgreiðslum úr sjóðum hins opinbera, þegar þeir kæmust á eftirlaunaaldur. Að líkja ellilífeyriskerfi lögmannna við samning um slysatryggingu sem fallið hefði úr gildi, líkt og austurríska ríkið hafði gert, var að mati dómstólsins ekki raunhæf samlíking. Síðarnefnda tryggingin var til þess fallin að

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

bæta tjón vegna einstaks atburðar en ellilífeyrskerfið þjónaði þeim tilgangi að tryggja lífsviðurværi einstaklinga eftir að þeir hættu að geta séð fyrir sér sjálfir með vinnu sinni. Ekki væri hægt að ætlast til þess af lögmanni að hann greiddi aukalega í almannatryggingakerfið til að tryggja hag sinn ef svo ólíklega vildi til að hann missti lögmannsréttindin. Dómstóllinn leit að auki til þess að lífeyrskerfi lögmannna í Austurríki hafði verið breytt árið 2003 á þann veg að lögmenn þurfa nú ekki lengur að vera á lista yfir starfandi lögmenn þegar þeir ná eftirlaunaaldri til að eiga rétt á ellilífeyri úr sjóðnum. Að mati dómstólsins sýndu þessar breytingar að skilyrðið hafi ekki lengur verið talið viðeigandi.

Þegar um væri að ræða skyldubundin lífeyrisjóðakerfi yrði regluverkið að taka tillit til aðstæðna líkt og voru í tilviki kæranda. Með því að svipta hann öllum lífeyrisréttindum sínum, eftir að hann hafði greitt inn í lífeyrskerfið, var ekki tekið nægjanlegt tillit til þeirra hagsmuna. Niðurstaða dómstólsins var því sú að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Í ljósi þessarar niðurstöðu taldi dómstóllinn óþarft að athuga sérstaklega hvort brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn bauð kæranda og ríkisstjórn Austurríkis að leggja fram skriflegar athugasemdir, innan þriggja mánaða frá dagsetningu dómsins, áður en ákvörðun um bætur á grundvelli 41. gr. sáttmálans væri tekin.

Ruspoli Morenes gegn Spáni

Dómur frá 28. júní 2011

Mál nr. 28979/07

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Forkaupsréttur. Söluskilmálar. Menningarverðmæti.

1. Málsatvik

Kærendur, Carlos, Luis og Enrique Ruspoli Morenes, eru bræður og spænskir ríkisborgarar, búsettir í Madrid. Málið varðaði sölu þeirra á listaverkinu *Greifynjan af Chinchón* eftir Francisco de Goya.

Í desember árið 1999 tilkynntu kærendur spænskum yfirvöldum um fyrirhugaða sölu þeirra á listaverkinu eins og þeim bar lagaleg skylda til. Kærendur höfðu samið um að selja verkið einkaaðilum fyrir 24 milljónir evra. Kaupverðið átti að greiða í einni greiðslu í reiðufé fyrir 15. mars árið 2000. Þann 18. janúar árið 2000 ákvað mennta- og menningarmálaráðuneyti Spánar að nýta forkaupsrétt sinn að verkinu samkvæmt lögum þar sem það væri hluti af menningarverðmætum þjóðarinnar. Í kjölfarið fóru kærendur fram á að sömu söluskilmálar ættu við og í fyrri sölusamningi. Þá fóru kærendur einnig fram á að fyrirvari yrði á ef verðmæti verksins myndi aukast og greiddir vextir þar til greiðsla væri innt af hendi að fullu. Ríkið fékk verkið afhent þann 17. febrúar árið 2000. Eftir að kærendur höfðu ítrekað kröfur sínar án nokkurra viðbragða frá yfirvöldum höfðuðu þeir mál gegn ríkinu til viðurkenningar á kröfum sínum. Meðan málið var til meðferðar greiddi ríkið kærendum umsamið kaupverð. Var

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

greiðslan í tveimur hlutum, 15 milljónir evra þann 30. janúar árið 2001 og 9 milljónir evra 11. júlí sama ár.

Þann 11. október árið 2001 var máli kæranda vísað frá dómi þar sem talið var að lög um verndun menningarverðmæta heimiluðu yfirvöldum að greiða verðmæti, sem keypt væru á grundvelli forkaupsréttar, með þeim hætti sem gert var í þessu máli. Þá var ekki talið að löginn sjálf brytu gegn stjórnarskrá landsins með vísan til fordæma stjórnlagadómstóls Spánar í sambærilegum málum. Hæstiréttur Spánar staðfesti þessa niðurstöðu árið 2006.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að ríkið hefði brotið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans með því að neita að verða við umsömdum greiðsluskilmálum og kröfum þeirra um hærra kaupverð vegna tafa á greiðslum.

Niðurstaða

Með því að nýta forkaupsrétt sinn á verkinu *Greifynjan af Chinchón* höfðu spænsk yfirvöld gert það sem þau töldu nauðsynlegt til að hafa hönd í bagga um ráðstöfun eigna í samræmi við hag almennings í skilningi 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Til að slík skerðing á eignarrétti samrýmdist sáttmálanum þyrfti hún í fyrsta lagi að vera í samræmi við lög. Í öðru lagi þyrfti hún að þjóna lögmætu markmiði og að lokum þyrfti að gæta jafnvægis milli almannahagsmuna annars vegar og réttinda þeirra sem fyrir skerðingunni verða hins vegar.

Um tvö atriðin áréttaði dómstóllinn að forkaupsréttarheimildin byggðist á ákvæðum laga um verndun menningarverðmæta. Ákvæði laganna væru aðgengileg, skýr og fyrirsjáanleg. Löginn gerðu yfirvöldum kleift að viðhafa eftirlit með sölu listaverka og þjónuðu því lögmæta markmiði að vernda menningarverðmæti þjóðarinnar.

Síðasta álitaefnið sem dómstólnum bar að taka afstöðu til var hvort yfirvöld hefðu gætt jafnvægis milli réttinda kæranda og almannahagsmuna við töku ákvörðunar sinnar um að nýta umrætt forkaupsréttarákvæði. Dómstóllinn áréttaði að ríkjum væri veitt töluvert svigrúm við eftirlit með sölu og útflutningi menningarverðmæta og þeim væri heimilt að grípa inn í ef þau teldu það nauðsynlegt. Þá væri ríkjum jafnframt heimilt að skylda aðila til að tilkynna um sölu slíkra menningarverðmæta og nýta forkaupsrétt ef ástæða þætti til. Þegar yfirvöld hefðu ákveðið að nýta forkaupsrétt sinn bæri þeim að fara eftir ákveðnum fastmótuðum reglum við kaupin. Seljandi gæti því ekki breytt söluskilmálanum einhliða. Dómstóllinn leit svo á að kærandur hefðu fengið fullt kaupverð greitt fyrir verkið. Jafnframt hafði greiðslan verið greidd innan þess tímaramma sem löginn settu yfirvöldum. Löginn um vernd menningarverðmæta gerðu hvorki ráð fyrir því að kaupverð hækkaði ef greiðsla dróst á langinn né greiðslu vaxta ef slíkt kæmi upp. Kærandur gátu því ekki haft lögmætar væntingar til slíkrar greiðslu.

Var einróma álit dómstólsins að með nýtingu forkaupsréttarákvæðisins hefði ekki verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 1. gr. sáttmálans.

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Lautsi o.fl. gegn Ítalíu

Dómur frá 18. mars 2011 - Yfirdeild

Mál nr. 30814/06

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Réttur til að menntun samræmist trúarskoðunum. Krossar í skólastofum.

1. Málsvik

Kærandur eru þrír ítalskir ríkisborgarar, Solie Lautsi, f. 1957, og tveir synir hennar, þeir Dataico, f. 1988, og Sami Albertin, f. 1990, öll búsett á Ítalíu. Skólaárið 2001-2002 sóttu synirnir, sem voru þá 11 og 13 ára, grunnskóla á vegum ríkisins. Í öllum stofum þessa skóla hékk róðukross á vegg. Kærandi hélt því fram að þetta væri í ósamræmi við það trúleysi sem hún hafði alið börn sín upp við. Kærandi lét framangreinda afstöðu sína í ljós við skólayfirvöld og vísaði til dóms ítalsks áfrýjunardómstóls frá árinu 2000 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að það væri í ósamræmi við meginregluna um trúfrelsi, sem ítölsk stjórnskipan byggðist á, að sambærilegir krossar hængju uppi á kjörstöðum. Í maí 2002 ákvað yfirstjórn grunnskólans að taka ekki niður krossana. Ítalska menntamálaráðuneytið gaf í kjölfarið út yfirlýsingu til allra stjórnenda ríkisskóla sem var í samræmi við ákvörðun skólans.

Kærandi leitaði til stjórnsludómstóls héraðsins og hélt því fram að ákvörðun skólans bryti í bága við meginreglu stjórnarskrárinnar um trúfrelsi og hlutleysi hins opinbera. Ítalska ríkið hélt því fram að sú skipan að krossar hængju í skólastofum byggðist á konunglegri tilskipun frá 1924 og 1928. Stjórnsludómstóllinn veitti kæranda heimild 14. janúar 2004 til að skjóta málinu til stjórnskipunardómstóls Ítalíu svo fá mætti dóm um hvort krossar í skólastofum samræmdust stjórnarskrá ríkisins. Fyrir stjórnskipunardómstólnum hélt ítalska ríkið því fram að hið umdeilda fyrirkomulag væri eðlilegt þar sem krossinn væri ekki aðeins trúarlegt ták heldur einnig merki eina trúfélagsins sem væri nefnt í ítölsku stjórnarskránni, kaþólsku kirkjunnar. Stjórnskipunardómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu 15. desember 2004 að hann ætti ekki lögsögu í málinu þar sem umdeilt ákvæði byggðist frekar á reglugerð en lögum. Stjórnsludómstóll hafnaði síðan kröfu kæranda. Dómstóllinn vísaði til þess að krossinn væri ták ítalskrar sögu og menningar. Af því leiddi að krossinn væri ták ítalskra auðkenna og þar með merki jafnræðis, frelsis og umburðarlyndis og jafnframt aðskilnaðar ríkisins frá trúarhreyfingum. Í febrúar 2006 komst áfrýjunardómstóll að sömu niðurstöðu með vísan til þess að krossinn væri orðinn ták trúlausra gilda ítölsku stjórnarskrárinnar og endurspeglaði borgaraleg gildi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að það fyrirkomulag að hafa róðukross á vegg í skólastofum bryti gegn rétti þeirra til þess að börn fengju menntun og kennslu í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra samkvæmt 2. gr. 1. viðauka sáttmálans og trúfrelsi þeirra samkvæmt 9. gr. Þá hefðu þau sætt mismunun í sam-
anburði við kaþólska foreldra og börn þeirra þannig að brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Deild dómstólsins komst að þeirri niðurstöðu í dómi frá 3. nóvember 2009 að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 2. gr. 1. viðauka skýrðri til samræmis við 9. gr. sáttmálans. Þann 28. janúar 2010 fór ítalska ríkið fram á að málinnu yrði vísað til yfirdeildar dómstólsins samkvæmt 43. gr. sáttmálans og 1. mars sama ár samþykkti nefnd yfirdeildar dómstólsins að taka málið fyrir

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til dómaframkvæmdar sinnar um að skuldbindingar aðildarríkja Evrópuráðsins, varðandi trúar- og skoðanafrelsi foreldra, nái ekki aðeins til kennslu í ríkisskólum og hvernig henni er hagað heldur nái þær til allra þátta kennslunnar og starfsemi skólanna. Þegar yfirvöld hafa umsjón skólamála og sjá um skipulag skólaumhverfisins í heild sinni samkvæmt landslögum verði slíkt skipulag að uppfylla skyldur sáttmálans. Ákvörðunin um það hvort róðukrossar hangi á veggjum skólastofa væri á ábyrgð ítalskra yfirvalda og féll því innan ramma 2. gr. 1. viðauka. Ákvæðið skuldbindi ríki, í aðgerðum sínum í kennslu- og menntamálum, til að virða trúarskoðanir og lífsviðhorf foreldra þegar kemur að menntun og kennslu barna þeirra.

Dómstóllinn áréttaði að þótt róðukrossar væru óneitanlega trúartákn hefðu ekki verið færð fram nein sönnunargögn fyrir því að uppstilling slíkra trúartákna á veggjum skólastofa hefði áhrif á nemendur. Hvað varðaði fyrsta kærandi taldi dómstóllinn að þótt hún teldi að ríkið hefði, með því að setja reglur um róðukrossa í skólastofum, virt að vettugi rétt hennar til að börn hennar fengju menntun og kennslu í samræmi við hennar eigin lífsskoðanir nægði það, eitt og sér, ekki til að um brot á 2. gr. 1. viðauka væri að ræða.

Ítalska ríkið benti á að krossar í kennslustofum helguðust af langri hefð og menningararfleifð sem ríkinu bæri að standa vörð um. Auk þess að vera trúartákn væri krossinn undirstöðutákn lýðræðis og þeirra gilda sem einkenndu vestræn samfélög og þar af leiðandi væri staðsetning þeirra í skólastofum réttlætanagerleg. Dómstóllinn benti á að þótt ríki hefðu ákveðið svigrúm til mats um það hvort viðhalda ætti vissum hefðum takmarkaðist það svigrúm af skyldum ríkja til að virða þau réttindi sem fælust í sáttmálanum.

Ríki hefði einnig svigrúm til að marka stefnu sína í mennta- og kennslumálum og hvernig það kæmi til móts við mismunandi trúar- og lífsskoðanir

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

foreldra. Dómstólnum bæriað virða ákvarðanir ríkja í þeim efnum, þar á meðal hversu mikið vægi þau gæfu trúarbrögðum, að því gefnu að með því væri ekki stefnt að því að innræta grunnskólanemendum ákveðin trúarbrögð. Spurningin um hvort krossar ættu heima í kennslustofum félli innan svigrúms ríkja til mats, einkum í ljósi þess að ekki væru samræmd viðhorf til álitaefnisins í aðildarríkjunum.

Þótt ítölsk stjórnvöld gerðu trúarbrögðum meirihluta landsmanna herra undir höfði en öðrum trúarbrögðum með þessu nægði það eitt ekki til þess það teldist innræting trúarbragða sem bryti gegn 2. gr. 1. viðauka. Dómstóllinn taldi að líta ætti til annarra atriða í þessu sambandi. Krossarnir tengdust ekki skyldubundinni kristnidómsfræðslu í skólum og auk þess hefði ríkið tryggt trúfrelsi nemenda af öðrum trúarbrögðum með því að leyfa öll trúartákn sem og klæðnað sem tengdist trúarbrögðum í skólum og gefa þeim kost á sinni eigin trúarbragðafræðslu. Því var ekkert sem benti til þess að yfirvöld sýndu nemendum annarra trúarbragða en kristni eða trúlausum nemendum vanvirðingu á einhvern hátt.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að sú ákvörðun ítalskra stjórnvalda að hafa krossa í kennslustofum landsins hefði verið innan svigrúms þeirra til mats og ekki farið gegn rétti foreldra til að ala börn sín upp til samræmis við sínar lífsskoðanir. Ríkið hafði því ekki brotið gegn rétti fyrsta kæranda samkvæmt 2. gr. 1. viðauka sáttmálans. Dómstóllinn komst að sömu niðurstöðu varðandi síðari tvo kærendur.

Í ljósi þessarar niðurstöðu taldi dómstóllinn óþarft að athuga sérstaklega hvort brotið hefði verið gegn öðrum ákvæðum sáttmálans.

Tveir dómáramur skiluðu séráliti.

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Paksas gegn Litháen

Dómur frá 6. janúar 2011

Mál nr. 34932/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Réttur til að bjóða sig fram í kosningum. Sjálfstæður og óvilhallur dómstóll.

1. Málsvik

Kærandi, Rolandas Paksas, er litháenskur ríkisborgari, fæddur árið 1956 og búsettur í Vínús. Þann 5. janúar 2003 var hann kjörinn forseti litháenska lýðveldisins. Litháenska þingið vék honum úr embætti 6. apríl 2004 eftir að stjórnlagadómstóll landsins komst að þeirri niðurstöðu að hann hefði í forsetatíð sinni framið alvarleg brot gegn stjórnarskrá ríkisins og þeim eiði sem hann hafði unnið að stjórnarskránni, en þingið hafði vísað málinu til stjórnlagadóm-

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálstra kosninga

stólsins. Kærandi hafði veitt rússneskum viðskiptajöfri litháenskan ríkisborgararétt og látið honum í té ríkisleyndarmál með því að upplýsa hann um að hann sætti rannsókn öryggismálastofnana, auk þess sem hann hafði misnotað stöðu sína sem forseti með öðrum tilteknum hætti.

Þann 22. apríl 2004 komst landskjörstjórn Litháen að þeirri niðurstöðu að kærandi gæti boðið sig aftur fram í næstu forsetakosningum. Litháenska þingið brást þá við með því að breyta kosningalögum þannig að ekki væri heimilt að kjósa mann forseta eða á þing sem áður hefði verið vikið úr embætti. Þingmenn skutu málinu til stjórnlagadómstóls sem komst að þeirri niðurstöðu 25. maí 2004 að þinginu hefði verið heimilt að banna þeim, sem vikið hefði verið úr forsetaembætti, að bjóða sig aftur fram til annars embættis þar sem vinna þyrfti eið að stjórnarskránni.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að stjórnlagadómstóll Litháen hefði ekki verið sjálfstæður og óvilhállur í máli hans vegna tengsla þingsins við dómstólinn og auk þess hefði hann ekki fengið réttláta málsmeðferð. Því hefði verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Einnig hefði réttur hans samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sáttmálans, til að teljast saklaus uns sekt hans væri sönnuð, verið sniðgenginn með ýmsu móti. Viðurlög sem honum hefðu verið ákveðin með lagabreytingu, þ.e. að geta ekki boðið sig fram aftur, hefðu falið í sér brot á réttindum hans samkvæmt 7. gr. sáttmálans. Einnig hefði verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka þar sem hann hefði bæði þurft að sæta ákærumeðferð þingsins og síðar sakamálemeðferð vegna sama brots. Þá hélt kærandi því fram að brotið hefði verið gegn 3. gr. 1. viðauka sáttmálans þar sem sértæk lög hefðu verið sett sem bönnuðu honum að gegna embætti í framtíðinni. Loks taldi kærandi að þar sem honum hefði verið meinað að bjóða sig fram til þings til lífstíðar hefði verið brotið gegn kjarna réttarins um frjálstrar kosningar.

Niðurstaða

Um 6. gr., 7. gr. og 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka: Dómstóllinn taldi að í þeim tilvikum sem stjórnlagadómstóll Litháens fjallaði um mál kæranda hefði hvorki verið fjallað um réttindi og skyldur hans að einkamálarétti né um sök um refsivert brot í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Hann hefði heldur ekki verið borinn sökum um refsiverða háttsemi í skilningi 2. mgr. 6. gr. sáttmálans. Að sama skapi hefði kærandi ekki sætt lögsókn eða refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðauka. Málaferlin hafi ekki leitt til þess að kærandi hefði verið sakfelldur eða hann þurft að sæta refsingu í skilningi 7. gr. sáttmálans. Í ljósi þessa hafnaði dómstóllinn kærinni varðandi þessar reglur sáttmálans.

Um 3. gr. 1. samningsviðauka: Dómstóllinn tók fram að réttur samkvæmt 3. gr. 1. samningsviðauka tæki einungis til kosninga til löggjafarþings. Að því leyti sem kæran fjallaði um frávikningu kæranda úr forsetaembætti og

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

bann við framboði hans til forseta gæti hún ekki stuðst við 3. gr. 1. samningsviðaukans. Kæran væri þó meðferðarhæf að því leyti sem hún varðaði rétt kæranda til að bjóða sig fram til löggjafarþings.

Dómstóllinn benti á að kærandi tilheyrði hópi einstaklinga sem hefðu orðið fyrir áhrifum af dómi stjórnlagadómstóls Litháen þann 25. maí 2004 og þeirri löggjöf sem þingið setti í kjölfar dómsins. Kærandi hefði verið sviptur möguleika á að bjóða sig fram til þings og því gæti hann haldið því fram að réttur hans til að bjóða sig fram í kosningum hefði verið takmarkaður. Ljóst væri að takmörkunin hefði stuðst við lög og að lögmeitt markmið í skilningi 3. gr. 1. samningsviðaukans hefði búið að baki takmörkuninni, þ.e.a.s. vernd hins lýðræðislega skipulags.

Dómstóllinn tók fram að þegar metið væri hvort takmörkunin hefði verið í samræmi við meðalhóf yrði að hafa í huga að 3. gr. 1. samningsviðauka útilokaði ekki þann möguleika að réttur manns til að gegna opinberu embætti yrði takmarkaður á þeim grundvelli að viðkomandi hefði t.d. misnotað alvarlega aðstöðu sína í slíku embætti eða að viðkomandi hefði með atferli sínu ógnað réttarríkinu eða lýðræðislegum stöðum ríkisins. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði notið ákveðins réttaröryggis þegar fjallað var um hvort hann hefði framið þess konar brot.

Ekki yrði þó litið framhjá því að réttindi kæranda samkvæmt 3. gr. 1. samningsviðauka höfðu verið takmörkuð verulega þar sem hann hefði verið varanlega sviptur möguleikanum á bæði að bjóða sig fram til þings og til að gegna mörgum opinberum embættum. Skiljanlegt væri að aðildarríkin teldu að brot gegn stjórnarskrá eða brot á eiði að stjórnarskránni væru mjög alvarleg og einkum þegar þau eru framin í embætti forseta lýðveldis. Engu að síður væru þær takmarkanir sem gripið hefði verið til ekki í samræmi við markmiðið um vernd lýðræðislegs skipulags.

Dómstóllinn tók fram að afstaða litháenskra yfirvalda væri frábrugðin því sem tíðkaðist meðal ríkja Evrópu, sérstaklega þar sem lagaheimild með takmörkuninni hefði stjórnarskrárgildi og væri þannig varanlegri. Loks taldi dómstóllinn að jafnvel þótt hin umdeilda lagabreyting væri orðuð á almennan hátt, og tæki jafnt til allra í sömu aðstæðum og kærandi, yrði ekki litið hjá því að tilvik kæranda hefði augljóslega verið beinn hvati að hinni skjótu meðferð sem frumvarpið fékk.

Í ljósi þessa var talið að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 3. gr. 1. samningsviðauka. Talið var að niðurstaða dómstólsins teldist ein og sér fela í sér nægilegar bætur fyrir þann miska sem kærandi hafði orðið fyrir.

Þrír dómarar skiluðu séráliti þar sem komist var að annarri niðurstöðu að hluta.

